FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
162. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. JÚLÍ 2017




Um 25 manna röð hafði myndast fyrir utan skrifstofu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði rétt fyrir klukkan hálf níu í gærmorgun. Síðustu vikur og mánuði hafa biðraðir myndast þar á morgnana. Þar hefur að stærstum hluta verið um að ræða fólk sem hyggur á utanlandsferðir og vantar ný vegabréf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bankarnir farnir að stíga á bremsuna

**Vísbendingar eru um að viðskiptabankarnir stígi nú varlega til jarðar þegar kemur að lánveitingum til hótelverkefna. Tafir hafa orðið á hótelframkvæmdum vegna þess að illa gengur að tryggja fjármögnun. Byggingaverktaki segir eðlilegt að bankarnir stígi á bremsuna.**

**VIÐSKIPTI** Margt bendir til þess viðskiptabankarnir séu orðnir varfærnari en áður í lánveitingum til hótelverkefna. Þeir hafa hert kröfur um eigið fé, gera strangara áhættumat og leggja jafnframt mat á kostnaðinn sem felst í því að breyta hótelum í íbúðir áður en þeir taka ákvörðun um að lána fé til hótelverkefna. Almennt hafa þeir stigið á bremsuna, að sögn viðmælenda Markaðarins sem eru öllum hnútum kunnugir á hótelmarkaðinum.

> **14%**
> **af heildarútlánum stóru viðskiptabankanna í fyrra voru til ferðaþjónustu.**

Dæmi eru um að sex til tólf mánaða töf hafi orðið á stórum hótelframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að illa gengur að tryggja fjármögnun.

Viðmælendur Markaðarins segja ekki aðeins bankana heldur jafnframt marga fjárfesta vera orðna tregari til þess að leggja hótelverkefnum til fé. Margir þeirra hafi áhyggjur af mögulegri offjárfestingu í hótelum á síðustu árum. Mikil gengisstyrking krónunnar, en gengi krónunnar hefur styrkst um 29 prósent á síðustu tveimur árum samkvæmt gengisvísitölu, og boðuð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna úr 11 prósentum í 22,5 bæti ekki úr skák.

„Þetta er bara heilbrigð skynsemi," segir framkvæmdastjóri úr verktakageiranum um aðgerðir bankanna. „Miðað við alla þessa gríðarlegu uppbyggingu sem hefur orðið í hótelbransanum þá væri eitthvað að ef bankarnir myndu ekki stíga á bremsuna." Annar viðmælandi talar um gullgrafarastemningu á hótelmarkaði og segir ekki koma á óvart að bankarnir stígi nú varlega til jarðar. Það væri „fullkomlega óábyrgt" að gera það ekki.

Útlán bankanna til ferðaþjónustu hafa aukist umtalsvert undanfarin ár samfara aukinni fjárfestingu í atvinnugreininni. Alls námu útlán til atvinnugreinarinnar rúmlega fjórtán prósentum af heildarútlánum stóru viðskiptabankanna í fyrra og mældist vöxtur þeirra 27 prósent á milli ára. Seðlabankinn hefur auk þess ítrekað bent á hættuna sem gæti stafað af samdrætti í komu ferðamanna til landsins. Í fjármálastöðugleikaskýrslu bankans frá því í október í fyrra kom fram að bakslag í komu ferðamanna gæti valdið útlánatapi í ferðaþjónustu og leitt til þess að eiginfjárhlutfall bankanna lækkaði um allt að fjögur prósentustig. Þó leiddi sviðsmyndagreining bankans í ljós að ólíklegt væri að bakslag í vexti ferðaþjónustu myndi að óbreyttu tefla stöðu bankanna í tvísýnu. – **kij / sjá Markaðinn**

## Þriðjungshlutur í Bláa lóninu á 10 milljarða

**VIÐSKIPTI** Tilboð frá erlendum framtakssjóðum í 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu gefa til kynna að orkufyrirtækið, sem er að þriðjungshluta í eigu lífeyrissjóða, geti selt hann fyrir um tíu milljarða.

Hlutur HS Orku var settur í söluferli í maí en samkvæmt heimildum Markaðarins bárust tilboð frá þremur eða fjórum erlendum sjóðum.

Tilboðin hafa sum hver verið í samræmi við væntingar seljenda en talið er að það muni skýrast á næstu tveimur til fjórum vikum hvort hluturinn verði seldur.

Hagnaður Bláa lónsins árið 2016 fyrir fjármagnsliði og afskriftir var 3,4 milljarðar króna. – **hae / sjá Markaðinn**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, skrifar um launastefnu ríkis og afturvirkt kjararáð. 12

**SPORT** Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska kvennalandsliðsins, fyllist þjóðarstolti við að sjá áhugann á stelpunum okkar fyrir EM. 14

**TÍMAMÓT** Bókin er eins og ástarbarn bókmenntafræðings og rithöfundar. 16

**LÍFIÐ** Inga Kristjánsdóttir setti sér lífsstílsáskorun þegar andlega og líkamlega heilsan var orðin slæm. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Sunnan og suðaustan 5-13 og rigning í dag, hvassast á norðanverðu Snæfellsnesi. Þurrt á NA- og A-landi en rigning með köflum þar í kvöld. SJÁ SÍÐU 18

# Brakandi blíða í borginni



Sólin skein skært á íbúa höfuðborgarinnar í gær og fóru margir í Nauthólsvík til að njóta blíðunnar. Veðurfræðingur Veðurstofunnar segir hitann hafa farið upp í sextán gráður um tvöleytið í gær. Hlýjast var á Suðausturlandi þar sem hitinn fór í 21 gráðu í Skaftafelli. Þá hefur verið mikil hitasveifla á Þingvöllum. Hitinn þar fór niður að frostmarki í fyrrinótt en var um átján gráður seinnipartinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fangar vilja líkamsskanna

**FANGELSISMÁL** Afstaða, félag fanga, vill fá líkamsskanna í fangelsi landsins til notkunar við líkamsleit. Fyrir lok þessa árs munu öll öryggis- og gæsluvarðhaldsfangelsi í Danmörku taka slíkan búnað í gagnið.

„Ég held að þetta sé mun mannúðlegra heldur en þetta kerfi sem er í dag til dæmis. Þetta er svo niðurlægjandi fyrir fólk og sérstaklega aðstandendur sem hafa ekkert brotið af sér. Árangurinn er ekki mikill. Ég held að þetta muni auka aðgangseftirlit og styrkja öryggi í fangelsunum,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

> Ég held að þetta sé mun mannúðlegra heldur en þetta kerfi sem er í dag.



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

Líkamsskannar hafa í nokkuð langan tíma verið notaðir á hinum ýmsu flugvöllum víða um heim. Fram kemur í yfirlýsingu Afstöðu að slíkir skannar sýni alla hluti sem geymdir eru á líkamanum sem ekki teljist eðlilegur hluti hans. Þetta leiði til þess að hægt sé að skanna alla sem koma inn og út úr fangelsi án þess að snerta þá. Ef eitthvað sést óvenjulegt er hægt að færa viðkomandi í frekari skoðun.

Guðmundur segir að það sé afstaða flestra fanga að þeir vilji skanna. „Það eru allir fangar sammála því að líkamsleitir eru niðurlægjandi og erfiðar og fæli aðstandendur frá því að koma í heimsókn.“

Fram kemur í yfirlýsingunni að líkamsleit hafi verið gerð á fólki þar sem ekki liggur fyrir nægjanlega rökstuddur grunur um smygl og þá hafi sumir heimsóknargestir átt mjög erfitt með slíkt vegna fötlunar. Það hafi handahófskennd líkamsleit ekki borið nægjanlegan mikinn árangur. – sg

## Tchenguiz selur Hilton-hótel

**VIÐSKIPTI** Breski kaupsýslumaðurinn Vincent Tchenguiz hyggst selja tíu Hilton-hótel í Bretlandi fyrir allt að 600 milljónir punda eða um 81 milljarð íslenskra króna. „Við höfum átt þessi hótel í næstum fimmtán ár og tel ég að nú sé gott tækifæri til þess að selja þau,“ sagði hann í samtali við City A.M.

Hann staðfesti jafnframt að hann hefði í hyggju að selja Kensington Hilton-hótelið í Lundúnum í einu lagi fyrir allt að 300 milljónir punda. Hótelið, sem er 603 herbergja, er stærsta eignin í eignasafni hans. – kij



**Vincent Tchenguiz, kaupsýslumaður**

# Frábiðja sér gullfiska og greiðslukort í rotþróm

Seyra er nýtt við landgræðslu á Suðurlandi og þykir árangurinn góður. Aðskotahlutir í rotþróm valda þó vanda. Umhverfis- og tæknisvið vekur athygli á því að bannað sé að henda gullfiskum og kreditkortum í klósettið.

**UMHVERFISMÁL** „Aðallega er þetta nú þessar blautþurrkur og annað sem slitnar ekki. Þetta fer inn í legur á öllum tækjum sem verið er að nota við að vinna seyruna,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, sem Bláskógabyggð á aðild að, sendi fyrir fáeinum dögum húseigendum í sveitarfélögum í uppsveitum Suðurlands bréf þar sem skorað er á húseigendur að passa vel rotþrær sínar. Vakin er athygli á að rotþrær séu ekki fyrir sorp eins og blautþurrkur. Þar er jafnframt tekið fram að ekki megi henda tannþræði, lyfjum, smokkum, dömubindum, tyggjói, hári, bleyjum, gullfiskum, kreditkortum, leikföngum, eða öðru rusli í klósettið.

„Hjá okkur er verið að vinna seyruna og taka hana til að nota við uppgræðslu. Þessir hlutir eru ekki að gera tækninni auðvelt fyrir við að vinna seyruna,“ segir Valtýr.

Í bæklingnum segir að aðeins náist að hreinsa hluta af þessu rusli frá seyrunni og því fari hluti af ruslinu alla leið í gegn. „Vegna þessa má líkja því að henda sorpi í klósettið við það að henda því á víðavangi.“

Seyra hefur verið nýtt til landgræðslu um nokkurt skeið. Árið 2012 gerðu Hrunamannahreppur og Landgræðsla ríkisins með sér samning um þriggja ára tilraunaverkefni með notkun á seyru til uppgræðslu. Tilraunaverkefnið var framkvæmt innan landgræðslugirðingar fremst á Hrunamannaafrétti, þangað sem seyran var flutt og felld niður með sérstökum búnaði. Verkefnið stóð í þrjú ár og var unnið með samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

> Hjá okkur er verið að vinna seyruna og taka hana til að nota við uppgræðslu. Þessir hlutir eru ekki að gera tækninni auðvelt fyrir við að vinna seyruna.



Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð

Í úttekt Landgræðslunnar á verkefninu segir að vel hafi verið fylgst með framvindu og árangri uppgræðslunnar og mælingar gerðar á gróðri haustið 2015. „Strax á fyrsta ári mátti sjá að gróðurþekja jókst þar sem seyru var dreift. Tilraunin sýndi að seyra er góður kostur við uppgræðslu lands og nýting hennar til landbóta sé hyggilegur kostur. Urðun á seyru er í þessu samhengi, sóun á verðmætum,“ segir í skýrslu um úttektina.

Allt frá því að þessi úttekt var gerð hefur Landgræðslan, í samvinnu við sveitarfélög, haldið áfram að nýta seyru við landgræðslu. jonhakon@frettabladid.is








**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Auris meðan tilboðið gildir**

Þegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértilboð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Fundað verður um styrkveitingu vegna Ófærðar 2

**MENNING** Forsvarsmenn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) óskuðu í gær eftir fundi með fulltrúum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna úthlutunar á 60 milljóna króna styrk úr Kvikmyndasjóði til handa Baltasar Kormáki. Ráðuneytið segir sjálfsagt mál að funda.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði vegna Ófærðar 2. SÍK telur að reglur hafi verið brotnar við ákvörðun um vilyrði fyrir úthlutuninni þar sem fullbúið handrit að öllum þáttunum lá ekki fyrir.

> Ég veit ekki hvernig ráðuneytið vinnur úr þessu máli.
>
> Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands,

Ekki er ljóst hvenær fundurinn mun fara fram. „Ráðuneytið stjórnar því alveg. Ég veit ekki hvernig ráðuneytið vinnur úr þessu máli. Þeir skoða það væntanlega og fara yfir það og meta," segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar.

Í byrjun næsta árs hefur Laufey sinnt stöðu sinni í fimmtán ár. Hún segist ekki hafa íhugað að láta af störfum út af þessu máli. „Ég held að þetta sé ekki komið það langt. Fyrst þarf að leysa málið og skýra það," segir Laufey. **– sg**

## Ingibjörg Sólrún nýr forstjóri ODIHR

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, verður skipuð forstjóri Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODIHR) í næstu viku.

Skipun hennar er liður í sáttatillögu sem binda á enda á mánaðalangar deilur innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um hvaða ríki skuli hljóta fjórar háar stöður innan stofnunarinnar.

Talað er um deilurnar sem einhverja erfiðustu flækju sem komið hafi upp í sögu stofnunarinnar.

Sebastian Kurz, utanríkisráðherra Austurríkis og núverandi formaður ÖSE, segir að stofnunin hafi þurft að kljást við mikið vantraust milli aðildarríkjanna 57, ekki síst Rússa og Bandaríkjanna. Það hafi torveldað skipun í stöðurnar fjórar. **– sój**



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

## Keppt í París og Borg englanna

**ÍÞRÓTTIR** Ákveðið var í gær að Ólympíuleikarnir 2024 og 2028 yrðu haldnir í París, höfuðborg Frakklands, og í Los Angeles í Bandaríkjunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Alþjóðaólympíunefndin ákveður staðsetningu tvennra leika í röð, en ekki hefur verið ákveðið hvor borgin verður fyrr í röðinni.

The New York Times greinir frá því að líklegra sé að Þarnæstu leikar, árið 2024, verði haldnir í París. Þá myndi Los Angeles halda leikana í þriðja skipti árið 2028.

Ákveðið var að velja staðsetningu Ólympíuleikanna með meiri fyrirvara en áður til þess að vinna gegn minnkandi áhuga landa á að halda leikana. **– sg**

# Hrím hönnunarhús braut lög með hærri launum til karls

**Kærunefnd jafnréttismála segir að Hrím hönnunarhús hafi gerst brotlegt við jafnréttislög. Kærandi segir málið ekki snúast um peninga heldur réttlæti. Eigendurnir eru vonsviknir en þeir töldu sig vera að fara eftir lögum í einu og öllu. Verið sé að bera saman tvo starfsmenn í gerólíkum störfum. Framhald málsins óráðið.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Hrím hönnunarhús braut gegn ákvæðum jafnréttislaga með því að borga kvenkyns starfsmanni lægri laun en starfsbróður hennar. Eigendur verslunarinnar töldu sig fara eftir lögum og eru daprir yfir niðurstöðunni.

Umræddur starfsmaður, Ragnheiður Stefánsdóttir, hóf störf hjá fyrirtækinu í september í fyrra. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur en henni tjáð að launin væru eftir föstum taxta. Eftir að hún fékk fastar vaktir var dagvinnukaup 1.700 krónur á tímann en yfirvinnutaxti 2.300 krónur. Í nóvember var ráðinn karlkyns starfsmaður í verslunina og að jólatörninni lokinni komst Ragnheiður að því að hann hafði fengið 2.000 krónur á tímann í dagvinnu en 2.500 krónur í yfirvinnu. Þegar því var hafnað að greiða henni jafn há laun og karlinum sagði hún upp störfum.

„Þetta mál hjá mér snýst því ekki um peninga eða bætur heldur vissi ég að það hefði verið brotið á mér. Ef ég hefði ekki leitað til kærunefndarinnar þá hefði mismununin mögulega haldið áfram í framkvæmd," segir Ragnheiður. „Þetta var réttlætismál fyrir mér og ég vona að Hrím komi vel fram við alla starfsmenn sína sama af hvoru kyni þeir eru og greiði sömu laun fyrir jafn verðmæt störf."

Einar Örn Einarsson, fjármálastjóri Hríms, segir niðurstöðuna vonbrigði. Hrím og stofnendur þess hafi alla tíð lagt sig fram í jafnréttismálum og meðal annars hannað kynjagleraugun sem seld voru á haustmánuðum 2010. Einar rekur Hrím ásamt eiginkonu sinni, Tinnu Brá Baldvinsdóttur, en hún er annar stofnandi verslunarinnar.

„Þarna er um að ræða tvo starfsmenn, sinn í hvoru starfinu sem eru gjörólík í eðli sínu. Annars vegar fastráðinn karlmann og konu í helgarstarfi. Við vorum með sérstakan taxta fyrir fastráðna og annan fyrir helgarstarfsfólk auk þess sem starfsskyldur voru ekki þær sömu," segir Einar.




**Fólkið að baki Hrími hannaði kynjagleraugun árið 2010.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þetta mál hjá mér snýst því ekki um peninga eða bætur heldur vissi ég að það hefði verið brotið á mér.
>
> Ragnheiður Stefánsdóttir, fyrrverandi starfsmaður Hríms



Ekki voru gerðir skriflegir ráðningarsamningar þess efnis. Í niðurstöðu kærunefndarinnar segir að þar sem engin gögn séu til um starfsskyldur, kaup og kjör, verði það lagt til grundvallar að starf Ragnheiðar hafi verið jafn verðmætt og starf karlkyns samstarfsfélaga hennar.

Að auki benti nefndin á að ólöglegt sé að mismuna starfsmönnum eftir starfshlutfalli.

„Okkur fannst geggjað að ráða karl til starfa en þetta hafði verið mikill kvennavinnustaður. Við réðum hann inn á sömu launum og konurnar í föstu starfi. Hefðum við ráðið inn konu hefðum við sennilega ekki brotið nein jafnréttislög," segir Einar. Hann segir aðstandendur Hríms ekki hafa ákveðið hvort farið verði með málið lengra.

johannoli@frettabladid.is






# UMVEFÐU ÞIG VIGNALE LÚXUS

Vignale er lúxusútgáfa Ford Kuga, hlaðinn lúxusbúnaði auk einstakra eiginleika Kuga. Afburða dráttargeta, há veghæð og frábærir akstursegiginleikar sameinast í glæsilegri hönnun og þægindum Ford Kuga Vignale.

FORD KUGA VIGNALE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ

**6.390.000** KR.

FORD KUGA FWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **4.690.000** KR.

Ford
VIGNALE

- 180 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- Vignale-leður á sætum og mælaborði
- Rafdrifið ökumannssæti með minni
- Veglínuskynjari
- Árekstravörn
- Ökumannsvaki
- 18" Vignale álfelgur
- Vignale útlitskitt
- Apple Carplay og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Bi-Xenon aðalljós
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- 9 Sony hátalarar

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Vignale***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar




Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918








## Syrgja fórnarlömbin í Srebrenica



Bosnískir múslimar sjást hér leggjast á bæn við líkkistur ættingja sinna og vina í bænum Potocari, nærri bosníska bænum Srebrenica. Þúsundir söfnuðust þar saman í gær til að minnast þess er 8.000 múslimar voru drepnir í þjóðarmorðunum í Srebrenica árið 1995. Sumir hinna látnu voru bornir til grafar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Auki opinber gjöld á dísilvélar um áramót

**Fjármálaráðherra áætlar að hækka kolefnisgjaldið á bensín um áramótin og skoðar sambærilega hækkun á dísilolíu til að sem minnstur munur verði á dísilolíu og bensíni. Stefnt að frekari álögum á olíuna til að draga úr notkun dísilvéla.**

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að því að fjármála- og efnahagsráðuneytið auki álögur á notkun dísilvéla fyrir árslok 2022 til að draga úr notkun þeirra. Þetta kemur fram í drögum að áætlun til að stuðla að bættum loftgæðum á Íslandi. Áætlunin er til tólf ára.

„Það er verið að skoða þetta allt í heild. Við erum með ákvæði í stjórnarsáttmálanum um það sem við köllum samræmt kerfi grænna skatta. Við erum með hóp sem er að vinna að því til þess að þetta sé einmitt skoðað heildrænt. Fyrstu skrefin verða væntanlega að hækka kolefnisgjaldið á bensín og við erum að skoða sambærilega hækkun á dísil, þannig að það verði sem minnstur munur á dísil og bensíni,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra.

Benedikt býst við auknum álögum um næstu áramót. „Þetta er í vinnslu og ekki alveg búið að ákveða hvernig við gerum þetta allt saman. Það er verið að skoða þessa grænu skatta og reyna að setja á sem heildstæðast kerfi,“ segir Benedikt. „Við viljum beita sköttum með jákvæðum hætti og hvetja til þess að það verði notaðir hreinir orkugjafar. Það er meginatriðið í þessu.“

> **Við erum að skoða sambærilega hækkun á dísil, þannig að það verði sem minnstur munur á dísil og bensíni.**
>
> Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra



> **Það er verið að vinna að því í fjármálaráðuneytinu að færa þetta til betri vegar.**
>
> Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra



„Það er verið að vinna að því í fjármálaráðuneytinu að færa þetta til betri vegar eins og ábendingar Umhverfisstofnunar gefa tilefni til,“ segir Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra. Fjármálaráðuneytið mun þróa álögur og ívilnanir í samstarfi við umhverfisráðuneytið.

Um síðustu áramót hækkuðu skattar á hvern bensínlítra með virðisaukaskatti meira en skattar á hvern dísilolíulítra. Samtals hækkuðu skattar á hvern bensínlítra með virðisaukaskatti um 4,9 krónur. Dísilolía hækkaði hins vegar um 3,72 krónur á lítra með virðisaukaskatti. Því má segja að hvatinn til kaupa á dísilbílum hafi verið aukinn. Flestir nýir bílar sem komu á göturnar á Íslandi 2016 voru dísilbílar, eða réttur helmingur.

Dísilbílar þóttu lengi umhverfisvænni en bensínbílar þar sem þeir gefa frá sér minna magn gróðurhúsalofttegunda en bensínbílar. Útblástur frá dísilbílum er þó talinn bæði krabbameinsvaldandi og skaðlegur lungnastarfsemi fólks. Víða erlendis hefur verið unnið að því að draga úr því að almenningur kaupi díselbíla, meðal annars í Bretlandi.

saeunn@frettabladid.is




# KRAFTMIKILL SPORTJEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

## – SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR

**VITARA S**

Suzuki Vitara-S er fjórhjóladrifinn sportjeppi með kraftmikilli 1.4L 140 hestafla BoosterJet vél sem er líka einstaklega sparneytin. Vitara-S hefur hlotið einróma lof fyrir frábæra aksturseiginleika og er með rúmbetri bílum í sínum stærðarflokki. Vitara-S er með ríkulegum staðalbúnaði, sjálfskiptur eða beinskiptur og hlaðinn tækninýjungum.

**ALLGRIP**

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Sjón er sögu ríkari, komdu í heimsókn og skoðaðu Suzuki Vitara-S.

**VERÐ FRÁ KR.**

**4.590.000**

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Baðstaðirnir þrír rukkuðu tíu milljarða

Tekjur Jarðbaðanna við Mývatn námu 725 milljónum króna í fyrra og jukust þær um 33 prósent. Rúmlega 200 þúsund gestir borguðu þar af 581 milljón í aðgangseyri eða 37 prósentum meira en 2015. Bláa lónið seldi fyrir 9,1 milljarð og Fontana fyrir 372 milljónir.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Heildarvelta Jarðbaðanna við Mývatn í fyrra var 725 milljónir króna og greiddu gestir þá alls 581 milljón í aðgangseyri. Veltan jókst um 33 prósent milli ára en heildartekjur þriggja stóru einkareknu baðstaðanna hér á landi námu alls 10,2 milljörðum í fyrra.

Jarðböðin við Mývatn voru rekin með 303 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 196 milljónir árið 2015. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi baðstaðarins skilaði veitingasala 113 milljónum og jókst um 24 milljónir milli ára. Um metár var að ræða enda gestir baðstaðarins aldrei verið fleiri eða rúmlega 200 þúsund talsins. Jarðböðin voru um síðustu áramót metin á 3,2 milljarða króna, eins og Fréttablaðið greindi frá í maí síðastliðnum, og hafði virði þeirra þá aukist um 2,3 milljarða á tveimur árum.

Rekstrartekjur Bláa lónsins í Svartsengi jukust úr 54,3 milljónum evra árið 2015 í 77,2 milljónir í fyrra. Heildarveltan í fyrra í krónum talið, miðað við gengi gjaldmiðilsins í lok 2016, nam því 9,1 milljarði króna. Tekjur af aðgangseyri jukust um 33 prósent milli ára og voru 5,2 milljarðar króna. Sala á veitingum skilaði 2,1 milljarði en Bláa lónið hagnaðist um jafnvirði rétt tæpra 2,8 milljarða króna í fyrra.

Laugarvatn Fontana var opnað sumarið 2011 og er því yngsti baðstaðurinn af þeim þremur stærstu einkareknu sem finna má hér á landi. Hagnaður fyrirtækisins meira en þrefaldaðist í fyrra eins og kom fram í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í byrjun júní. Baðstaðurinn var þá rekinn með 90,8 milljóna hagnaði og námu tekjurnar 372 milljónum. **haraldur@frettabladid.is**



Jarðböðin við Mývatn voru opnuð í júní 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**»** **Jarðböðin við Mývatn tóku á móti um 200 þúsund gestum í fyrra.**

### Tekjur 2016




### Hagnaður 2016






# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

**TILBOÐ**

## SKRÚFJÁRNASETT 8 STK

Slétt: 3.5X100, 4X100, 5.5X100, 6.5X150, 8X175
Stjarna: PH0X60, PH1X80, PH2X100



vnr IBTGAAE0807

**1.690** m/vsk
Fullt verð 3.002

**TILBOÐ**

## TOPPA OG BITASETT 94 STK

1/4" - 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI094R

**12.900** m/vsk
Fullt verð 16.507

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI2802

**6.900** m/vsk
Fullt verð 10.150

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Lyklar, skrúfjárn, töng, nippillyklar og fl.



vnr IBTGCAI9601

**16.900** m/vsk
Fullt verð 27.421

**TILBOÐ**

## KOPPAFEITISBYSSA LOFT

400 cc túbur
Harður barki 6"
Mjúkur barki 12"
Loftþörf 90 PSI / 6,2 BAR



vnr IBTJGAE0204

**3.900** m/vsk
Fullt verð 6.929

**TILBOÐ**

## LOFTLYKILL 1/2"

Lengd 197mm
Kraftur 1085 nm
Þyngd 2,3 kg
Loftþörf 6,2 BAR



vnr IBTKAAJ1680

**23.900** m/vsk
Fullt verð 34.900



## 283 STK VERKFÆRAVAGN + 6" SKRÚFSTYKKI*

7 skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn, djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás.





vnr IBTGT-28305

**161.658** m/vsk
Okkar besta verð

*6" skrúfstykki fylgir á meðan byrgðir endast


www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður


**SINDRI**

# Enn hrellir Rússagrýlan Donald Trump

**Donald Trump yngri sótti fund þar sem honum var lofað upplýsingum um Hillary Clinton. Trump yngri var upplýstur um að upplýsingarnar væru hluti af stuðningi yfirvalda í Rússlandi við framboðið. Alríkislögregla rannsakar tengsl Rússa við framboð Trumps.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump yngri, sonur Bandaríkjaforseta, var upplýstur um að skaðlegar upplýsingar um Hillary Clinton mótframbjóðanda Trumps eldri, sem hann taldi sig eiga von á, væru hluti af íhlutun rússneskra stjórnvalda í forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Þetta segir í tölvupóstsamskiptum Trumps yngri við upplýsingafulltrúann Rob Goldstone.

The New York Times hefur undanfarið fjallað um fund sem Trump yngri átti með rússneska lögfræðingnum Natalíu Veselnitskæju í Trump Tower í júní í fyrra. Jared Kushner, tengdasonur og ráðgjafi forsetans, og Paul Manafort, þáverandi starfsmaður forsetaframboðs Trumps, voru einnig viðstaddir fundinn.

„Þetta er augljóslega háleynilegt og upplýsingarnar eru viðkvæmar en þetta er hluti af stuðningi ríkisstjórnar Rússlands við herra Trump,“ segir í tölvupósti sem Golding sendi Trump yngri. Hinn síðarnefndi birti tölvupóstsamskipti þeirra tveggja á Twitter í gær eftir að The New York Times tilkynnti honum að blaðið hygðist birta samskiptin.



Donald Trump yngri klappar föður sínum á bakið á síðasta kosningafundi frambjóðandans, kvöldið fyrir kosningar. NORDICPHOTOS/AFP

**Þetta þarf að rannsaka vandlega. Allir sem voru viðstaddir fundinn ættu að koma fyrir nefndina.**

Adam Schiff, þingmaður Demókrata



Í yfirlýsingu sem Trump yngri sendi frá sér í sama tísti segir að upplýsingagjöfina megi rekja til manns að nafni Emin Agalarov sem Trump yngri sagðist þekkja frá því Miss Universe fegurðarsamkeppnin var haldin í Rússlandi. Agalarov og faðir hans eru sagðir reka virt fyrirtæki í Moskvu.

„Þeir sögðust búa yfir upplýsingum um Hillary Clinton sem ég hélt að væri einfaldlega rannsókn á andstæðingnum. Ég vildi fyrst gera þetta í gegnum síma en það gekk ekki. Þá sögðust þeir myndu senda konu til að funda með mér. Af því varð.

Konan, eins og hún hefur sjálf sagt, vinnur ekki fyrir stjórnvöld. Eins og ég hef áður sagt bjó hún ekki yfir neinum upplýsingum og vildi bara tala um ættleiðingarlöggjöf og Magnitsky-löggjöfina,“ segir í yfirlýsingunni.

Enn fremur segir í henni að fundurinn hafi átt sér stað áður en „Rússageðveikin komst í tísku“. „Eins og Goldstone sagði við fjölmiðla í dag var fundurinn rugl og fór í taugarnar á mér.“

Umrædd Magnitsky-löggjöf snýr að því að Bandaríkjastjórn sé heimilt að frysta eignir Rússa, gerist þeir sekir um mannréttindabrot.

The New York Times greindi fyrst frá fundinum á laugardag og gaf Trump yngri út yfirlýsingu í kjölfarið þar sem hann staðfesti að fundurinn hefði átt sér stað en ekki að hann hefði tengst framboðinu.

Á sunnudag greindi The New York Times frá því að Trump yngri hefði samþykkt að mæta á fundinn eftir að fyrrnefndum upplýsingum var lofað.

Gaf hann út aðra yfirlýsingu það kvöld þar sem hann sagðist hafa samþykkt að funda með einstaklingi sem átti að búa yfir nytsamlegum upplýsingum fyrir framboð Trumps.

Alríkislögregla Bandaríkjanna rannsakar nú áhrif Rússa á forsetakosningar síðasta árs og meint tengsl við framboð Donalds Trump. Styr hefur staðið um störf alríkislögreglunnar og rak forsetinn til að mynda yfirmann hennar, James Comey, fyrr á árinu.

Adam Schiff, þingmaður Demókrata í fulltrúadeildinni og nefndarmaður í upplýsinganefnd, sagði í samtali við MSNBC í gær að um væri að ræða mjög alvarlegt mál. „Þetta þarf að rannsaka vandlega. Allir sem voru viðstaddir fundinn ættu að koma fyrir nefndina,“ sagði Schiff.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Skrifstofuhúsnæði til leigu á besta stað í miðbænum.

Skrifstofuhúsnæði til leigu á 1. hæð á Hverfisgötu 4, 101 Reykjavík. Húsnæðið er laust og er verið að innrétta það.

- Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu.
- Björt skrifstofa með stórum gluggum og fallegu útsýni.
- VSK húsnæði.
- Stærð 209,8 m2.
- Húsnæði er laust strax og þarf að innrétta það.



Óskum eftir tilboðum, áhugasamir hafi samband við svava@ipstudium.is


## Leiðtoginn sagður látinn

**ÍRAK** Svo virðist sem Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við Íslamskt ríki (ISIS), sé fallinn frá. Frá þessu greina fjölmiðlar í Írak.

Í viðtali við Al Sumaria fréttastofuna hélt ónafngreindur heimildarmaður því fram. Sagði heimildarmaðurinn að banni við því að vígamenn ISIS töluðu um fráfall leiðtogans hefði nú verið aflétt.

Þá héldu samtökin Syrian Observatory for Human Rights því fram í gær að þau byggju yfir staðfestum upplýsingum um að Baghdadi væri fallinn frá. Reuters, sem greindi frá, gat þó ekki staðfest frásögn samtakanna.

„Við höfum fengið staðfestar upplýsingar frá leiðtogum ISIS í austurhluta Deir al-Zor,“ sagði Rami Abdulrahman, forsprakki samtakanna, við Reuters.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem fregnir af andláti hryðjuverkaleiðtogans berast. Hins vegar segir í frásögn Reuters að Syrian Observatory hafi á sér gott orðspor fyrir að segja rétt frá þróun mála í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi sem ISIS tekur þátt í. Abdulrahman sagðist þó ekki vita hvenær Baghdadi hafi látist.



**Abu Bakr al-Baghdadi**

Yfirvöld Íraka og Kúrda hafa ekki staðfest fregnirnar og þá sagðist bandaríska varnarmálaráðuneytið ekki búa yfir upplýsingum sem staðfestu þær. Fjölmiðlar á bandi ISIS og samfélagsmiðlareikningar meðlima samtakanna hafa heldur ekki flutt fréttir af mögulegu andláti leiðtogans.

Í júní greindi rússneska varnarmálaráðuneytið frá því að Baghdadi hefði hugsanlega látið lífið í loftárás Rússa á sýrlensku borgina Rakka. Það hefur þó ekki enn verið staðfest.

Ef Baghdadi er látinn í raun og veru markar andlát hans kaflaskil fyrir ISIS og væri andlát hans mikið áfall fyrir samtökin sem töpuðu nýlega orrustunni um írösku borgina Mósúl. Þar lýsti Baghdadi einmitt yfir stofnun kalífadæmis árið 2014. **– þea**




www.honda.is

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Nýtt upphaf



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er frekar dapurlegt að fylgjast með því hvernig komið er fyrir Neytendasamtökunum þessa dagana. Sú var tíðin að Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna til 26 ára, var tíður gestur í fréttum og umræðuþáttum um ýmis málefni sem vörðuðu neytendur með einum eða öðrum hætti. Ekki veitti af þar sem Íslendingar hafa löngum búið við fákeppni og jafnvel samráð fyrirtækja með tilheyrandi dýrtíð og döprum kjörum. Neytendasamtökin voru mikilvæg í baráttunni fyrir bættum kjörum og auknum réttindum neytenda en síðustu ár er ekki laust við að fjarað hafi undan samtökunum og dregið úr mikilvægi þeirra.

Síðastliðið haust var svo Ólafur Arnarson hagfræðingur kjörinn nýr formaður Neytendasamtakanna og það reyndar með talsverðum yfirburðum. Reyndar voru átök um Ólaf og formennskuna alveg frá því fyrir aðalfundinn eftir að uppstillingarnefnd mat hann hæfastan en það virtist vera til lítillar gleði fyrir suma félagsmenn. Að auki ríkti óánægja með að um helmingur atkvæðisbærra félagsmanna hefði skráð sig á síðustu stundu og var Ólafur sakaður um að standa fyrir smölun til þess sigra í kosningunum. Það er reyndar erfitt að sjá að það sé af hinu slæma að fjölga í samtökum sem gefa sig út fyrir að vera fjöldasamtök en ekki kunningjaklíka.

Þrátt fyrir áframhaldandi átök er því ekki að neita að Ólafur virtist koma með ferska vinda inn í Neytendasamtökin. Sýnileiki samtakanna jókst hratt og vitund neytenda virtist vaxa frá degi til dags þó svo sitthvað fleira hafi komið til en rödd samtakanna svo sem innkoma Costco á íslenskan markað. Stærsta áherslumál Ólafs, smáforritið Neytandinn, hefur notið mikilla vinsælda og býr yfir möguleikum á mikilvægri upplýsingaöflun fyrir neytendur frá degi til dags. Þetta kostaði þó sitt og að viðbættum auknum rekstrarkostnaði komust deilur á milli formanns og meirihluta stjórnar á það stig að Ólafur ákvað nú fyrr í vikunni að víkja sæti. Það er mikill missir fyrir Neytendasamtökin sem og neytendur í landinu sem þurfa á því að halda að samtökin séu virk og fyrirferðarmikil í umræðu um þessi mikilvægu hagsmunamál.

Samtök á borð við Neytendasamtökin þurfa á því að halda að þar stefni allir að sama marki og því er mikilvægt að stjórnin standi heil á bak við þann sem tekur að sér að vera í forsvari fyrir samtökin. Allt ósætti og átök á milli formanns og stjórnar hefur því óneitanlega veikt samtökin til mikilla muna. Það er erfitt að sjá annað en að rekstrarvanda samtakanna megi rekja mun lengra aftur en til þess vetrar sem Ólafur hefur gegnt þar formennsku. Ef ekki hlýtur að hafa verið um að ræða forkastanlegt eyðslufyllerí sem auðvelt ætti að vera að sýna fram á. Jafnvel ef svo væri þá breytti það ekki þeirri staðreynd að stjórnin verður líka að bera sína ábyrgð á því hvernig komið er. Ekki fremur en formaðurinn er nokkur stjórnarmaður mikilvægari en samtökin og framtíðarstarf þeirra í þágu íslenskra neytenda. Þessi átök hafa skaðað samtökin og þar með hagsmuni neytenda og nú er kominn tími á nýtt upphaf.

> **Ef ekki hlýtur að hafa verið um að ræða forkastanlegt eyðslufyllerí sem auðvelt ætti að vera að sýna fram á.**


**Við erum komin í Hafnarfjörðinn**
**við hliðina á Bónus**
**gæludýr.is**




**Halldór**




## Frá degi til dags

**Óafskipt 107**
**Undanfarna daga hafa íbúar Vesturbæjarins í Reykjavík þurft að sætta sig við örlítið óvenjulegt sjávarfang við Faxaskjól. Flestir fréttu af málinu fyrst í fjölmiðlum og þykir mörgum að stjórnsýslan hafi brugðist. Í þeirra hópi eru borgarfulltrúar og flokksmenn minnihlutans í borginni sem hafa undanfarið kallað hástöfum eftir því að meirihlutinn svari fyrir málið. Óneitanlega er það nokkuð skondið að horfa á úr fjarlægð að sami minnihluti og kvartar vanalega yfir því að meirihlutinn einblíni á póstnúmer 101 og 107 sé nú óánægður með að enginn skipti sér af málum í 107.**

**Skítalykt**
**Þó verður að fallast á það með minnihlutanum að málið er hið vandræðalegasta fyrir meirihlutann. Enginn virðist hafa vitað neitt og þeir sem eitthvað vissu virðast hafa vonað að vandamálið hyrfi af sjálfu sér. Ósjálfrátt kemur upp í hugann mynd af skömmustulegu barni, sem er við það að segja skilið við bleyjuna, þar sem það vonar að enginn uppgötvi að það sé nýbúið að gera brúnt í brók. Maður finnur alltaf örlítið til með því en á sama tíma veltir maður því fyrir sér hvort það væri ekki betra að láta einhvern vita strax í stað þess að pressa bjakkið.** joli@365.is

# Um launastefnu ríkis og afturvirkt kjararáð



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Sautján aðildarfélög BHM undirbúa kjaraviðræður við ríkið en gerðardómur um kjör félagsmanna fellur úr gildi 31. ágúst nk. Varla þarf að rifja upp að sumarið 2015 stöðvaði Alþingi lögmætar verkfallsaðgerðir BHM með lagasetningu sem einnig fól sérstökum gerðardómi að ákvarða kaup og kjör félagsmanna aðildarfélaganna. Það reyndist ríkisvaldinu ekki heilladrjúg ráðstöfun því að í beinu framhaldi af úrskurði gerðardóms ákváðu aðrir aðilar á vinnumarkaði – ASÍ, BSRB og SA – að starta enn einu höfrungahlaupinu á grundvelli gerðardóms. BHM átti enga aðild að þeirri ákvörðun. Ríkisvaldið bætti svo um betur og gaf kjararáði lausan tauminn við ákvörðun launa æðstu embættismanna ríkisins. Þar hefur tilteknum stéttum og stjórnendum verið úthlutað miklum afturvirkum launahækkunum.

Ástæða er til að rifja þessa atburðarás upp í aðdraganda kjarasamninga aðildarfélaga BHM við ríkið. Félagsmenn horfa að sjálfsögðu til ákvarðana kjararáðs við mótun kröfugerðar. Þá hefur Læknafélag Íslands nýlega gert kjarasamning við ríkið þar sem þó nokkrar launahækkanir eru faldar í breyttri launatöflu. Þetta eru gleðifréttir fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM sem starfa hjá ríkinu. BHM hefur ítrekað kallað eftir launastefnu ríkisins en aldrei fengið skýr svör frá samninganefnd ríkisins. En vísbendingarnar eru skýrar í ákvörðunum kjararáðs og í glænýjum samningi við lækna.

Að lokum verður ekki hjá því komist að nefna menntunarákvæði gerðardóms en ein af meginkröfum aðildarfélaga BHM er að menntun sé metin til launa. Menntunarákvæðið átti að koma til framkvæmda 1. júní 2016. Rúmu ári síðar hefur þorri félagsmanna aðildarfélaga BHM ekki fengið greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Þetta er nöturleg staðreynd ekki síst í ljósi þess að aðrir aðilar á vinnumarkaði hafa hækkað laun um sömu prósentu án tillits til menntunar. En, eins og áður segir, úrskurðir kjararáðs og nýr kjarasamningur Læknafélagsins gefa góðar vonir um málefnalegar launahækkanir til handa háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum í næstu samningalotu.

> **BHM hefur ítrekað kallað eftir launastefnu ríkisins en aldrei fengið skýr svör frá samninganefnd ríkisins.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Almannatryggingar fyrsta stoð lífeyriskerfisins



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Almannatryggingar voru stofnaðar 1946. Ríkisstjórn Alþýðuflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokksins, svo kölluð nýsköpunarstjórn, kom tryggingunum á fót. Forsætisráðherra var Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann lýsti því þá yfir, að almannatryggingarnar ættu að vera fyrir alla, án tillits til stéttar eða efnahags. Og hann sagði, að almannatryggingarnar ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Vestur-Evrópu. Þetta voru skýr og ákveðin markmið. Almannatryggingarnar áttu því ekki að vera nein fátækraframfærsla. Þær áttu að vera fyrir alla. Almannatryggingarnar voru fyrsta stoð velferðar- og lífeyriskerfis á Íslandi.

En ýmsir stjórnmálamenn á Íslandi hafa viljað breyta þessu. Þeir hafa viljað breyta almannatryggingum í einhvers konar fátækraframfærslu og eftir að lífeyrissjóðirnir efldust tala þeir um að lífeyrissjóðirnir eigi að vera fyrsta stoð lífeyriskerfisins og almannatryggingar önnur stoðin. Einn þeirra, sem talar á þessum nótum, er félagsmálaráðherra Viðreisnar, Þorsteinn Víglundsson. En það hefur ekki verið samþykkt á Alþingi, að lífeyrissjóðirnir eigi að vera fyrsta stoð lífeyriskerfisins. Upphaflegt markmið almannatrygginga er enn í fullu gildi. Almannatryggingar eiga að vera fyrir alla.

Þeir, sem eru eldri borgarar í dag, byrjuðu að greiða til almannatrygginga 16 ára gamlir. Þá var lagt á sérstakt tryggingagjald, sem rann til almannatrygginga. Síðan greiddu þeir einnig til almannatrygginga gegnum skattakerfið. Þeir, sem greitt hafa til almannatrygginga alla sína starfsævi, eiga það inni að fá greitt úr almannatryggingum, þegar þeir fara á eftirlaun. En stjórnvöld felldu niður grunnlífeyrinn um síðustu áramót og strikuðu þar með 4.500 manns út úr almannatryggingum.

Hvers vegna vilja misvitrir stjórnmálamenn, að lífeyrissjóðirnir verði fyrsta stoð lífeyriskerfisins en ekki almannatryggingar? Það er vegna þess, að þeir vilja láta eldri borgara greiða sinn lífeyri sjálfa. Tölfræði sýnir, að nú þegar er það svo, að eldri borgarar á Íslandi greiða meiri hluta lífeyris síns sjálfir gegnum lífeyrissjóðina og mun stærri hluta en gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Samt leggur ríkið á Íslandi miklu minna til almannatrygginga en önnur norræn ríki gera. Og tekjutengingar eru miklu meiri í tryggingakerfinu hér en gerist annars staðar á Norðurlöndunum. En hægri mönnum hér finnst ekki nóg að gert í þessu efni. Þeir vilja að eldri borgarar sjálfir greiði allan pakkann.

Stórfelld skerðing á tryggingalífeyri þeirra eldri borgara, sem fá greiðslur úr lífeyrissjóði, er liður í því að koma allri eftirlaunabyrðinni yfir á eldri borgara sjálfa. Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almannatryggingar. Það var ekki inni í myndinni, að þeir myndu valda skerðingu tryggingalífeyris. Það var óskráð samkomulag stjórnvalda og lífeyrissjóða að lífeyrissjóðirnir yrðu viðbót við almannatryggingar. Stjórnvöld hafa svikið þetta samkomulag með því að seilast bakdyramegin í lífeyrissjóðina.

# Heilbrigðisþjónustan í dag, partur 2



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum og leiðsögumaður

Það er almennt viðurkennt að sál og líkami mynda eina heild. Ef sálinni líður illa þá hefur það oft neikvæðar afleiðingar á líkamann og starfsemi hans og ef líkaminn er veikur þá eykst álagið á sálina. Þannig að góð heilbrigðisþjónusta ætti að sinna báðum þáttum til að ná bestum árangri.

Í Fréttatímanum 17.3. á blaðsíðu 2 lýsir Jón Örn, 57 ára hingað til heilsuhraustur maður, reynslu sinni í samskiptum við bæklunarlækni á einkastofu. Þar var gerð hnéspeglun á honum – frekar meinlaus aðgerð. En hann fékk svæsna sýkingu í hnéð mjög fljótlega og fór oftar en einu sinni aftur til læknisins til þess að láta athuga málið. Læknirinn tók sér aldrei tíma að skoða hann almennilega. Núna liggur hann mjög alvarlega veikur á Landspítalanum.

Það er svona tilfelli sem ég er hrædd um að verði ekki einsdæmi þegar einkastofur framkvæma aðgerðir í stórum stíl. Læknar vinna væntanlega sínar aðgerðir þar á færibandi, renna sem flestum sjúklingum í gegn, en taka sér ekki tíma til að sinna þeim á eftir. Einkafyrirtækin vilja auðvitað græða sem mest og þau gera það með því að fá sem flesta sjúklinga á sem skemmstum tíma. Lækna sem vinna þannig myndi ég frekar kalla viðgerðamenn en lækna. Og ekki má horfa fram hjá því að ef mistök verða, eins og í dæminu hér að ofan, þá má Landspítalinn redda málunum, oft á mjög kostnaðarsaman hátt.

Snúum okkur núna að sálræna þættinum. Hvernig er líðan sjúklings sem fer í svona „færibandaaðgerð“? Vill hann ekki fá að vita hvað var gert, hvernig og hvers vegna? Það kallar á að hann fái viðtal bæði fyrir og eftir aðgerðina hjá aðgerðalækninum og að hann fái að vita nákvæmlega hvernig staðan er, hvernig batahorfurnar eru og við hverju má ef til vill búast. Ef læknir tekur sér ekki tíma til viðtals þá myndast óvissa, sjúklingnum líður illa og hann gerir sér kannski jafnvel ranghugmyndir.

Á Landspítalanum vinna læknar, sjúkraþjálfarar, hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk flest öll vinnuna sína undir miklu álagi, en flestir reyna samt að taka sér tíma fyrir sálræna þáttinn. Því miður er ekki of mikið af slíkum tíma afgangs.

Að vísu er aukin einkavæðing í heilbrigðiskerfinu oft rökstudd með því að þá muni biðlistar styttast. Gott og vel. En af hverju getur ríkið ekki lagt nægilegt fjármagn til þannig að biðlistarnir heyri bráðum sögunni til? Árum saman er búið að svelta heilbrigðiskerfið. Niðurskurður og „hagræðing“ réðu lengi vel ríkjum. Það þarf að binda enda á þetta og núna í „góðærinu og bullandi hagvexti“ ætti að vera hægt að leggja meira fé til.

Ég er ekki hrifin af þeirri auknu einkavæðingu sem er í pípunum. Það er mjög gallað kerfi sem mun skapa aukinn kostnað og álag á sjúklinga. Auk þess munu færustu læknir ráða sig á einkastofur þar sem betra kaup er í vændum. Þetta gerist nú þegar. Kári Stefánsson hefur safnað tugum þúsunda af undirskriftum til að ríkið leggi talsvert meira fjármagn í heilbrigðiskerfið og ríkisrekinn spítala. Hvorki hefur heyrst hósti né stuna frá heilbrigðisráðherranum ennþá.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Nýjast
**Inkasso-deildin**

**Þróttur R. - Fram 2-1**
0-1 Guðmundur Magnússon (17.), 1-1 Viktor Jónsson (39.), 2-1 Viktor (57.).

**Grótta - Leiknir R. 1-3**
1-0 Viktor Smári Segatta (17.), 1-1 Kolbeinn Kárason, víti (38.), 1-2 Tómas Óli Garðarsson (45.), 1-3 Kolbeinn (81.).

**Haukar - Selfoss 2-1**
1-0 Daníel Snorri Guðlaugsson (7.), 2-0 Daníel Snorri (51.), 2-1 James Mack (63.).

**ÍR - Fylkir 1-2**
0-1 Emil Ásmundsson (6.), 1-1 Viktor Örn Guðmundsson (20), 1-2 Sjálfsmark (41.).

**Keflavík - HK 3-1**
1-0 Jeppe Hansen (26.), 2-0 Hansen (52.), 2-1 Reynir Sveinsson (80.), 3-1 Sigurbergur Elísson (82.).

**Þór - Leiknir F. 2-1**
1-0 Gunnar Ö. Stefánsson (21.), 1-1 Jesus Suarez (71.), 2-1 Kristján Örn Sigurðsson (71.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Fylkir | 25 | Fram | 15 |
| Keflavík | 24 | Leiknir R. | 14 |
| Þróttur R. | 23 | HK | 12 |
| Þór | 18 | ÍR | 11 |
| Haukar | 16 | Leiknir F. | 7 |
| Selfoss | 15 | Grótta | 5 |

## Í dag
**18.35 Tranmere - Liverpool** Sport

**19.15 FH - Víkingur Götu** Kaplakr.




**Guðbjörg Gunnarsdóttir er á leið á sitt þriðja Evrópumót. Markvörðurinn öflugi er klár í slaginn fyrir átökin í Hollandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







# Þjóðin áfram í partígír

**Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska kvennalandsliðsins, fyllist þjóðarstolti við að sjá áhugann á stelpunum okkar fyrir EM. Er klár í fyrsta leikinn.**

**FÓTBOLTI** „Eftirvæntingin er orðin ótrúlega mikil. Ég var að máta ferðadressið okkar í gær og taka eina „selfie“,“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, en stelpurnar okkar æfðu á Laugardalsvellinum í gær eftir skemmtilega helgi á Selfossi þar sem var æft og farið í mikið hópefli.

„Við erum búnar að fá töskur þannig að mér finnst ég tilbúin til að pakka niður og fara. Þannig var allavega tilfinningin í gærkvöldi,“ segir Guðbjörg og hlær en spenningurinn í loftinu var mikill á æfingunni í gær enda var þá slétt vika í fyrsta leik á móti Frakklandi. Íslenska liðið heldur utan á föstudaginn og verður mikið húllumhæ í Leifsstöð þegar stelpurnar verða kvaddar.

### Gott að fá æfingar
Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari tók þá ákvörðun að spila ekki vináttuleiki í þessum mánuði heldur nýta allan tímann eftir að liðið kom saman til æfinga. Guðbjörg skildi þessa ákvörðun og er mjög sammála henni núna.

„Ef maður tekur ákvörðun verður þú að lifa með henni. Ef við værum að spila leik þá værum við giraðar í það. Ég var persónulega mjög ánægð með að fá þessar æfingar. Varnarmennirnir mínir spila ekki með mér í félagsliðum. Við erum allar hver í sínu liðinu þannig að þetta er dýrmætur tími sem við fáum. Við getum gert mistök á æfingum og séð hvað við þurfum að bæta. Þegar maður er að spila er maður meira að hugsa um að vinna leikinn,“ segir Guðbjörg en dagarnir eru þó ekki margir sem Freyr hefur fengið með stelpunum.

„Við þurfum að nýta æfingarnar vel. Þó að þetta sé „langur“ tími þá er þetta ekkert hrikalega mikið af æfingum. Við þurfum að nýta hverja einustu æfingu til að fara yfir öll smáatriði og ná þessari tengingu á milli markvarðar, varnar og miðju.“

> Þetta fyllir mig þjóðarstolti. Ég er stolt af samfélaginu okkar.
>
> Guðbjörg Gunnarsdóttir

### Mega ekki vera hræddar
Íslenska landsliðið hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum undanfarin misseri. Freyr og stelpurnar eru fyrir löngu orðin þreytt á þessu en áfram halda meiðslin að detta inn.

Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Breiðabliks, tognaði í síðasta leik Blika áður en kom að EM-fríinu og er óttast að hún missi allavega af fyrsta leiknum á móti Frakklandi á þriðjudaginn í Tilburg.

Þrátt fyrir að enginn vilji meiðast þýðir samt ekkert að hugsa of mikið um það, segir Guðbjörg, það er bara hættulegra ef eitthvað er.

„Við erum mjög meðvitaðar um að lítil tognun getur skemmt keppnina fyrir leikmönnum. Þá er þetta bara búið. Málið er bara að ef þú ferð hrædd inn á æfingu er miklu meiri séns á að þú verðir fyrir meiðslum. Við förum alveg inn í návígi á æfingum þó við gerum það ekki á heimskulegan hátt. Það þarf að finna jafnvægi í þessu öllu,“ segir markvörðurinn.

### Fyllist þjóðarstolti
Áhuginn á íslenska liðinu og fjölmiðlaumfjöllunin hefur aldrei verið meiri. Stelpurnar eru úti um allt á veggspjöldum og í viðtölum, þær eru stöðvaðar úti á götu og þeim óskað velfarnaðar og ungir fótboltakrakkar flykkjast að þeim til að fá eiginhandaráritanir þegar það er í boði.

„Þetta fyllir mig þjóðarstolti. Ég er stolt af samfélaginu okkar. Það er svo mikill jafnréttishugur í Íslendingum. Það er svo mikill hugur í Íslendingum og það var geggjað að sjá hvað strákarnir fengu í fyrra. KSÍ lærði svo mikið af þeirri keppni og þjóðin er að halda áfram í þessu partíi. Núna erum þetta við og það eru allir með. Maður finnur fyrir ótrúlega miklum krafti frá öllum,“ segir Guðbjörg en íslenskir stuðningsmenn verða líklega fjölmennastir allra á EM í Hollandi.

### Halda frekar með Íslandi
„Það er geggjað að það séu svona margir Íslendingar að koma með út. Við höfum aldrei spilað erlendis fyrir framan svona marga Íslendinga. Þessir litlu hlutir í leikjum geta alveg fallið með okkur vegna þrýstings úr stúkunni. Kannski fellur einhver inni í teig og dómarinn er að spá í hvort þetta sé víti og sér svo 3.000 tryllta Íslendinga öskra „penalty“ þá gætum við alveg fengið víti út af því,“ segir Guðbjörg sem verður líka vör við áhuga á liðinu og velvilja að utan.

„Það er fullt af útlendingum sem koma til mín og eru að segja að við séum alveg geggjuð og spyrja hvað sé að gerast á Íslandi. Við erum ekki bara að fá athygli á Íslandi. Það er fullt af Svíum sem finnst við geggjuð og það eru alveg Svíar með mér í liði og fleiri sem ég þekki úti sem halda með okkur frekar en Svíþjóð,“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir. **tomas@365.is**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. júlí 2017 | 27. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Bankarnir stíga á bremsuna

**Merki eru um að bankarnir séu orðnir varfærnari en áður í lánveitingum til hótelverkefna. Þeir hafa hert kröfur um eigið fé. Stórar hótelframkvæmdir hafa tafist vegna þess að illa gengur að tryggja fjármögnun.** » 4-5

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



»2

### Allt að tveggja milljarða hlutafjáraukning Kviku

Hlutafé Kviku verður aukið um 1.500 til 2.000 milljónir til að fjármagna kaupin á Virðingu. Hluthafafundur fer fram á föstudag en áskriftarloforð að nýjum hlutum verða rukkuð inn í september eða október.

»2

### Erlendir sjóðir ásælast 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu

Tilboð frá erlendum framtakssjóðum í 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu gefa til kynna að orkufyrirtækið geti fengið í kringum tíu milljarða fyrir hlut sinn.

»5

### Mikilvæg uppgreiðsla Landsbankans

„Góður árangur í rekstri og erlendri fjármögnun Landsbankans og batnandi efnahagslegar aðstæður gerðu bankanum kleift að endurgreiða skuldina við LBI mun hraðar en útlit var fyrir,“ segir Ari Skúlason, hagfræðingur.




# Hlutafé Kviku aukið um allt að tvo milljarða

Hlutafé Kviku verður aukið um 1.500 til 2.000 milljónir króna til að fjármagna kaupin á Virðingu en hluthafar verðbréfafyrirtækisins samþykktu kauptilboð bankans með miklum meirihluta í lok síðasta mánaðar. Á hluthafafundi Kviku 14. júlí næstkomandi mun stjórn bankans leggja til að núverandi heimild til hækkunar hlutafjár félagsins verði aukin um 200 milljónir að nafnvirði, eða úr 200 milljónum í 400 milljónir hluta, samkvæmt heimildum Markaðarins.

**7,5**

**milljarðar var eigið fé Kviku í lok mars á þessu ári en hagnaður bankans á fyrsta fjórðungi var tæplega 400 milljónir króna.**

Að hve miklu leyti heimildin verður nýtt fer eftir afkomu Kviku á öðrum ársfjórðungi og eins endanlegu samþykki hluthafa bankans og Öldu sjóða en í byrjun júní var undirritaður samningur um kaup Virðingar á Öldu. Hluthafar Kviku hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum í bankanum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína í félaginu. Ekki er búist við því að áskriftarloforð verði innheimt fyrr en í september eða október á þessu ári. Samkvæmt kauptilboði Kviku, sem stjórn félagsins lagði fram 20. júní, greiðir bankinn 2.560 milljónir fyrir allt hlutafé Virðingar og er greitt með reiðufé.

Afar ósennilegt er talið að hluthafar Kviku muni að fullu nýta sér forgangsrétt sinn þegar hlutafé bankans verður aukið næstkomandi haust. Hluthöfum Virðingar mun þá gefast færi á því að taka þátt í hlutafjárhækkuninni og eignast þannig hlut í sameinuðu félagi. Þeir hluthafar sem eru sagðir áhugasamir um að endurfjárfesta söluandvirði sitt til kaupa á hlut í Kviku banka eru meðal annarra Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður Virðingar, og Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, sem einnig situr í stjórn félagsins, en félög þeirra eru í hópi fimm stærstu hluthafa verðbréfafyrirtækisins.

Á meðal hluthafa Virðingar er Ármann Þorvaldsson, núverandi forstjóri Kviku og fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Virðingar, en félagið MBA Capital, sem er í eigu hans og meðfjárfesta, á 4,66 prósenta hlut í verðbréfafyrirtækinu. Ármann tók formlega til starfa hjá bankanum um miðjan síðasta mánuð og þá mun Marinó Örn Tryggvason, sem var áður aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar fagfjárfesta í Arion banka, hefja störf sem aðstoðarforstjóri Kviku 1. ágúst. Sigurður Hannesson, sem hafði gegnt starfi framkvæmdastjóra eignastýringar bankans frá 2013, sagði hins vegar starfi sínu lausu undir lok júní en hann hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Langsamlega stærsti hluthafi Kviku er tryggingafélagið VÍS með tæplega 25 prósenta hlut. Aðrir hluthafar eru meðal annars félagið RES II, sem er í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis og Gunnars Henriks B. Gunnarssonar, með 9,92 prósent og þá á Lífeyrissjóður verslunarmanna ríflega 9,5 prósenta hlut. Greint var frá því í Markaðnum þann 28. júní síðastliðinn að RES II hefði aukið við hlut sinn um tæplega þrjú prósent með því að kaupa stærstan hluta bréfa TM í Kviku.

**hordur@frettabladid.is**



**Ármann Þorvaldsson tók við sem forstjóri Kviku um miðjan síðasta mánuð.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




# Verðleggja Bláa lónið á yfir 30 milljarða

**Erlendir framtakssjóðir ásælast 30 prósenta hlut HS Orku. Fyrirliggjandi tilboð gefa til kynna að um 10 milljarðar muni fást fyrir hlutinn í Bláa lóninu. Sala gæti klárast innan fárra vikna. Íslenskir lífeyrissjóðir eiga þriðjungshlut í HS Orku.**

Tilboð sem hafa borist frá erlendum framtakssjóðum í þrjátíu prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu gefa til kynna að orkufyrirtækið, sem er að þriðjungshluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða, geti fengið í kringum tíu milljarða króna fyrir hlut sinn í einu stærsta ferðaþjónustufélagi landsins.

Hlutur HS Orku var settur í söluferli um miðjan maí en samkvæmt heimildum Markaðarins bárust tilboð frá þremur eða fjórum erlendum fjárfestingarsjóðum áður en frestur til þess að skila inn tilboðum rann út þann 30. júní síðastliðinn. Þau verðtilboð, sem sum hver þýða að markaðsvirði Bláa lónsins er nokkuð yfir 30 milljarðar króna, hafa verið í samræmi við væntingar seljenda og gefið tilefni til þess að halda áfram viðræðum við fjárfesta. Talið er að það muni skýrast á næstu tveimur til fjórum vikum hvort af viðskiptunum verði, samkvæmt heimildum Markaðarins, en það er ráðgjafarfyrirtækið Stöplar Advisory sem hefur umsjón með söluferlinu fyrir hönd HS Orku.



Tekjur Bláa lónsins voru yfir 10 milljarðar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magma Energy, dótturfélag kanadíska orkufyrirtækisins Alterra, á 66,6 prósenta hlut í HS Orku á meðan samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán lífeyrissjóða, fer með 33,4 prósenta hlut. Samkvæmt hluthafasamkomulagi HS Orku þarf stjórn Jarðvarma að gefa samþykki sitt eigi möguleg sala á hlutnum í Bláa lóninu að geta orðið að veruleika. Stærstu hluthafar Jarðvarma, hvor um sig með tæplega 20 prósenta eignarhlut, eru Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi lífeyrissjóður. Margeir Ásgeirsson, forstjóri HS Orku, og Anna Skúladóttir, stjórnarmaður í HS Orku, sitja í stjórn Bláa lónsins.

Hagnaður Bláa lónsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var 28,2 milljónir evra á árinu 2016, jafnvirði um 3.400 milljóna króna á núverandi gengi, og jókst um tæplega sjö milljónir evra frá fyrra ári. Á aðeins fimm árum hefur EBITDA-hagnaður Bláa lónsins næstum því þrefaldast. Samkvæmt heimildum Markaðarins gera áætlanir ráð fyrir því að EBITDA lónsins muni enn aukast á þessu ári.

**3.400**

**milljónir var EBITDA Bláa lónsins 2016 og hefur hún þrefaldast á fimm árum.**

Vöxtur Bláa lónsins hefur verið gríðarlegur á undanförnum árum. Á því varð engin breyting í fyrra en tekjur félagsins námu þá samtals 77,2 milljónum evra, eða 10,3 milljörðum króna miðað við meðalgengi evru á árinu 2016, og jukust um meira en 43 prósent á milli ára. Á árinu 2012 námu tekjur Bláa lónsins til samanburðar aðeins 25 milljónum evra. Þá fór fjöldi heimsókna í fyrsta sinn yfir milljón talsins í fyrra en samtals sóttu 1.122 þúsundir gestir Bláa lónið og fjölgaði þeim um liðlega tvö hundruð þúsund. Tekjur af sölu í lónið námu um 45 milljónum evra, eða um 58 prósentum af heildartekjum Bláa lónsins.

Eigið fé Bláa lónsins var 53,6 milljónir evra í lok síðasta árs og eiginfjárhlutfall ríflega 49 prósent. Arðsemi eigin fjár nam tæplega 44 prósentum í fyrra og vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins eru aðeins um 34 milljónir evra.

Hlutafélagið Hvatning er stærsti eigandi Bláa lónsins með ríflega 39 prósenta hlut. Framtakssjóðurinn Horn II, sem er í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja og annarra fagfjárfesta, á 49,45 prósenta hlut í félaginu en Kólfur heldur hins vegar utan um 50,55 prósenta hlut í Hvatningu. Eigendur Kólfs eru Grímur Sæmundsen, forstjóri og stofnandi Bláa lónsins (75 prósent), og Eðvard Júlíusson (25 prósent). Þá á eignarhaldsfélagið Keila 9,2 prósenta hlut í Bláa lóninu en það er í meirihlutaeigu Hvatningar. Aðrir hluthafar í Keilu eru Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varaformaður stjórnar Bláa lónsins, og ýmsir stjórnendur Bláa lónsins.

Þá á Helgi Magnússon, stjórnarformaður og fyrrverandi varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, meðal annars um 6,2 prósenta hlut í gegnum félagið Hofgarða og Sigurður Arngrímsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley í London, um fimm prósenta hlut.

**hordur@frettabladid.is**

# Keyptu í Basko fyrir yfir 1,5 milljarða

Framtakssjóðurinn Horn III, sem er í rekstri Landsbréfa, keypti áttatíu prósenta hlut í Basko í fyrra á rúmlega 1,5 milljarða króna, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi sjóðsins sem Markaðurinn hefur undir höndum. Virði félagsins var þannig metið á tæpa 1,9 milljarða króna í viðskiptunum. Það er 13,5 prósentum lægra en það verð sem Skeljungur hyggst greiða fyrir allt hlutafé í félaginu.

**» Markaðsvirði Basko var metið á tæpa 1,9 milljarða í viðskiptunum í fyrra eða um 300 milljónum króna lægra en verðið sem Skeljungur hyggst greiða fyrir það.**

Basko á rekstrarfélag Tíu ellefu hf., Ísland verslun hf. og Imtex ehf., en undir þessi félög heyra meðal annars 10-11 verslanirnar, verslanir Iceland, kaffihús Dunkin' Donuts og hamborgarastaðurinn Bad Boys Burgers & Grill. Tilkynnt var um kaup Horns III á áttatíu prósenta hlut í félaginu í lok síðasta sumars, en um var að ræða fyrstu fjárfestingu sjóðsins. Seljendur voru félög tengd stjórnendum Basko og bresku matvörukeðjunni Iceland Foods. Í maí síðastliðnum var síðan greint frá því að olíufélagið Skeljungur hefði í hyggju að kaupa allt hlutafé í Basko. Var þá tekið fram að áætlað kaupverð væri 2,2 milljarðar.

Í ársreikningi Horns III kemur auk þess fram að sjóðurinn hafi í fyrra keypt félögin Hagvagna, Hópbíla og Hvaleyri fyrir rúma 2,3 milljarða króna. Tilkynnt var um kaupin í nóvember í fyrra, en seljendur voru hjónin Gísli J. Friðjónsson og Hafdís Alexandersdóttir.

Hagvagnar hafa annast akstur á vegum Strætó, einkum til og frá höfuðborgarsvæðinu, en Hópbílar er umsvifamikið félag í rekstri hópferðabifreiða.

207 milljóna króna tap varð af rekstri Horns III í fyrra. Hluthafar eru rúmlega þrjátíu talsins en Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi eru stærstir í þeim hópi. **– kij**



30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM 2017
MERIDA HJÓLUM
DIDRIKSONS1913
POLLAGALLAR
30% AFSLÁTTUR
Champion
30% AFSLÁTTUR
SUMARMARKAÐUR
ELLINGSEN
20–70%
AFSLÁTTUR
SKJÓLVEGGUR
NÚNA 6.990.-
ÁÐUR 10.990.-
TRESPASS
LANNA II KONU
NÚNA 10.493.-
ÁÐUR 14.990.-
CAMPINGAZ
FERÐAHELLA
SÉRVERÐ 6.990.-
ÁÐUR 9.990.-
KÆLIBOX
28L – 12V OG 230V
SÉRVERÐ 15.990.-
ÁÐUR 22.990.-
FERÐAGRILL
SÉRVERÐ 13.990.-
ÁÐUR 19.990.-
NIKE
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE SKÓM
COLEMAN STÓLL
SÉRVERÐ 7.990.-
VERÐ ÁÐUR 10.990.-
Coleman
DARVIN 4+
NÚNA 19.593.-
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
DEVOLD
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DEVOLD VÖRUM
DIDRIKSONS
LUSH DÖMUJAKKI
ELLINGSEN HETTUPEYSA
20% AFSLÁTTUR
COLEMAN HITABRÚSI
SÉRVERÐ 3.490.-
VERÐ ÁÐUR 4.990.-
TRESPASS
CORVO JAKKI
NÚNA 10.493.-
ÁÐUR 14.990.-
PRIMUS POTTASETT
SÉRVERÐ 5.192.-
ÁÐUR 6.490.-
Coleman
DARVIN 6+
VERÐ 18.990.-
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
ARVIS 3
VERÐ 23.990.-
VERÐ ÁÐUR 34.990.-
KOBUS VALLEY 3+
VERÐ 16.990.-
VERÐ ÁÐUR 24.990.-
ALLT FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916
Columbia
SKECHERS
TRESPASS
DIDRIKSONS1913
MOUNTAIN HARD WEAR
NIKE
ecco
Champion
MERIDA
SOREL
DEVOLD
zamberlan
Coleman
adidas

# Stíga varlega til jarðar í lánveitingum til hótela

**Vísbendingar eru um að bankarnir stígi nú varlega til jarðar þegar kemur að lánveitingum til hótelverkefna. Tafir hafa orðið á hótelframkvæmdum vegna þess að illa gengur að tryggja fjármögnun. Mikil gengisstyrking krónunnar og boðuð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna fælir fjárfesta frá.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Vísbendingar eru um að bankarnir séu orðnir varfærnari en áður í lánveitingum til hótelverkefna. Þeir hafa hert kröfur um eigið fé, gera strangara áhættumat og leggja jafnframt mat á kostnaðinn sem felst í því að breyta hótelum í íbúðir áður en þeir taka ákvörðun um að lána fé til hótelverkefna. Almennt hafa þeir stigið á bremsuna, að sögn viðmælenda Markaðarins sem eru öllum hnútum kunnugir á hótelmarkaðinum.

„Þeir eru vandlátari en áður," nefnir framkvæmdastjóri úr verktakageiranum í samtali við Markaðinn. „Þeir lána ekki lengur í hvað sem er." Ekki er þó hægt að segja að bankarnir séu alfarið hættir að lána fé til hótela. Mörg hótelverkefni eru enda í pípunum um allt land, þó sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Traustar og rótgrónar hótelkeðjur með góðar tryggingar eiga ekki í erfiðleikum með að fá lánsfé, en aðra sögu má segja um minni fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á hótelmarkaðinum. Þá eru dæmi um að sex til tólf mánaða töf hafi orðið á stórum hótelframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að illa gengur að safna fjármagni.

Viðmælendur Markaðarins segja ekki aðeins bankana heldur jafnframt marga fjárfesta vera orðna tregari til þess að leggja hótelverkefnum til fé. Margir þeirra hafi áhyggjur af mögulegri offjárfestingu í hótelum á síðustu árum. Mikil gengisstyrking krónunnar, en gengi krónunnar hefur styrkst um 29 prósent á síðustu tveimur árum samkvæmt gengisvísitölu, og boðuð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna úr 11 prósentum í 22,5 bæti ekki úr skák.

Bankamaður, sem þekkir vel til útlána viðskiptabankanna til fyrirtækja, segir bankana ekki lengur spenna bogann hátt þegar komi að lánveitingum til hótelframkvæmda. Þeir séu sumir jafnvel farnir að draga upp dekkri sviðsmyndir en áður. Áður hafi versta sviðsmyndin verið óbreytt ástand í komu ferðamanna til landsins, en nú séu þeir jafnvel farnir að líta til afleiðinga þess ef ferðamönnum skyldi fækka. Áður en bankarnir ákveða að veita fé til hótelverkefna leggja þeir einnig mat á það með hve miklum tilkostnaði sé hægt að breyta viðkomandi hóteli í íbúðir, ef í harðbakkann slær. Ef kostnaðurinn er talinn vera of mikill, og verkefnið of áhættusamt, halda þeir að sér höndum.

„Þetta er bara heilbrigð skynsemi," segir viðmælandi Markaðarins úr verktakageiranum um aðgerðir bankanna. „Miðað við alla þessa gríðarlegu uppbyggingu sem hefur orðið í hótelbransanum þá væri eitthvað að ef bankarnir myndu ekki stíga á bremsuna." Annar viðmælandi talar um gullgrafarastemningu á hótelmarkaði og segir ekki koma á óvart að bankarnir stígi nú varlega til jarðar. Það væri „fullkomlega óábyrgt" að gera það ekki.

**Mikill vöxtur útlána**

Útlán bankanna til ferðaþjónustu hafa aukist umtalsvert undanfarin ár samfara aukinni fjárfestingu í þessari ört vaxandi atvinnugrein. Alls námu útlán til atvinnugreinarinnar rúmlega fjórtán prósentum af heildarútlánum viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, í fyrra og mældist vöxtur þeirra 27 prósent á milli ára. Taka skal fram að lán til hótela vega hvað þyngst í heildarlánveitingum bankanna til ferðaþjónustu.

Fram kom í fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands frá því í apríl síðastliðnum að ferðaþjónustan væri nú þriðji stærsti atvinnuvegaflokkurinn í útlánasafni bankanna á eftir fasteignafélögum og sjávarútvegi. Nema útlán til greinarinnar um 8,5 prósentum af heildarútlánum viðskiptabankanna til viðskiptavina. Í skýrslunni var tekið fram að útlán beintengd ferðaþjónustunni vægju ekki mjög þungt í bókum bankanna. Þó gæti útlánaáhætta þeim tengd verið hlutfallslega nokkuð mikil. Taldi Már Guðmundsson seðlabankastjóri sérstaka ástæðu til að taka það fram á kynningarfundi í bankanum að miklum útlánavexti, líkt og í ferðaþjónustunni, fylgdi ávallt áhætta og því væri mikilvægt að fylgjast með henni.

Seðlabankinn hefur auk þess ítrekað bent á hættuna sem gæti stafað af samdrætti í komu ferðamanna til landsins. Í fjármálastöðugleikaskýrslu bankans frá því í október í fyrra kom fram að bakslag í komu ferðamanna gæti valdið útlánatapi í ferðaþjónustu og leitt til þess að eiginfjárhlutfall bankanna lækkaði um allt að fjögur prósentustig. Þó leiddi sviðsmyndagreining bankans í ljós að ólíklegt væri að bakslag í vexti ferðaþjónustu myndi að óbreyttu tefla stöðu bankanna í tvísýnu.

Ljóst er af tölum Seðlabanka Íslands að útlán viðskiptabankanna til ferðaþjónustunnar hafa vaxið mun hægar en komur erlendra ferðamanna hingað til lands. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að uppbyggingin á hótelmarkaðinum hefur að einhverju leyti verið fjármögnuð utan bankakerfisins, af einstaka fagfjárfestasjóðum eða með stofnun samlagshlutafélaga um einstaka fjárfestingar. Eru lífeyrissjóðirnir í mörgum tilfellum kjölfestufjárfestar þar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að uppbygging hótela er fjármagnsfrek og hlýtur að krefjast töluverðrar lánafyrirgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hefur snörp lækkun orðið á hlutfalli eigin fjár í fjármögnun ➡



Gert er ráð fyrir að fjárfesting í hótelum á höfuðborgarsvæðinu muni nema um 46 milljörðum króna á næstu fjórum árum.

**Ef hótelin gátu rekið sig fyrir uppsveifluna ætti rekstrargrundvöllurinn í dag að vera enn betri þó svo að það komi eitthvert bakslag í komu ferðamanna.**

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans





Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

## Segir Íslendinga þurfa að skipta um gír

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir flest benda til þess að nú sé að hægja á í íslenskri ferðaþjónustu. Í því sambandi megi nefna nýlegar hagtölur um fjölda ferðamanna, gistinætur á hótelum, þróun verðlags í erlendri mynt, kortaveltu útlendinga og mælingar á upplifun ferðamanna. Ferðamönnum fjölgi hægar en síðustu ár og þeir dvelji skemur en áður. Þá virðist meðalferðamaðurinn eyða færri krónum hér á landi en áður.

„Það er mikilvægt að hafa í huga að síðustu ár var vöxtur ferðaþjónustunnar langt umfram væntingar flestra sem stuðlaði meðal annars að styrkingu krónunnar. Þessi vöxtur hefur haft mikil áhrif á húsnæðismarkaðinn, vinnumarkaðinn, samgöngukerfið, umhverfi ferðamannastaða og alla aðra innviði og auðvitað breytt rekstrarumhverfi annarra útflutningsgreina. Þess vegna hefur verið kallað eftir því að meiri ró færðist yfir greinina.

Nú er það mögulega að gerast og þá þurfum við að skipta um gír þegar kemur að greininni og leggja enn meiri áherslu á gæði, upplifun, eðlilega dreifingu um landið og hagkvæmni," segir hann.

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 12. JÚLÍ 2017



MYND/VILHELM

# Pallur á tveimur hæðum

Margrét Tryggvadóttir rithöfundur þráði að geta gengið út í garðinn sinn af svölunum. Þegar loksins var gengið í verkið urðu svalirnar að tveggja hæða palli.

→2



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is





Margrét Tryggvadóttir rithöfundur nýtur lífsins í blíðunni á tveggja hæða pallinum sínum. MYNDIR/VILHELM

Margrét flutti í Reynihvamm í suðurhlíðum Kópavogs fyrir rúmlega tuttugu árum, þá nýbyrjuð að búa. „Þetta er elsti hluti bæjarins, mjög gróinn og alltaf gott veður. Ég man þegar ég flutti hingað fyrst þá fannst mér ég vera komin til Danmerkur. Hér hafði öspum verið plantað og þær orðnar risastórar. Þær hafa nú margar verið höggnar núna þó það sé nóg eftir en ég gleymi aldrei lyktinni sem var hér og tilfinningunni fyrir því að búa inni í skógi.

Við bjuggum á neðri hæð sem var gengið inn í úr garðinum svo við vorum með opið út frá apríl og fram í október og garðurinn varð eiginlega hluti af íbúðinni. Í þessu hverfi eru húsin frekar lítil en garðarnir risastórir enda ræktaði fólk sér til matar hér á árum áður og gerir enn, nágrannarnir eru með hænsni og skemmtileg sveitastemming. Og okkur fannst æðislegt að geta gengið beint út í garð,“ segir Margrét.

Fjölskyldan stækkaði við sig í sömu götu árið 2001 en þar fylgdi böggull skammrifi. „Það voru einar litlar svalir á efri hæðinni og svo þurfti að ganga hring í kringum húsið til að komast í garðinn. Við söknuðum þess mikið að komast ekki fyrirhafnarlaust út í garð.“ Því var ákveðið að setja stiga fram af svölunum og niður í garðinn en af ýmsum ástæðum dróst verkið þannig að þegar loks var hægt að hefjast handa hafði hugmyndin tekið ýmsum breytingum.

„Það sem átti að verða örlítil stækkun á svölunum varð að stórum palli og stiga niður og svo árið eftir var komið að því að endurnýja hellur sem voru í garðinum undir svölunum og við ákváðum að setja bara pall þar líka. Þannig að núna er ég með pall á tveimur hæðum,“ segir Margrét alsæl og bætir við að þar sé alltaf skjól. „Það getur alveg blásið inn á hann og fennir stundum en oftast er ótrúlegt skjól og við grillum hér allt árið.“

> **Það sem átti að verða örlítil stækkun á svölunum varð að tveggja hæða palli.**

Margrét segir að húsgögnin á pallinum séu samansafn héðan og þaðan þó uppistaðan sé garðhúsgögn sem eiginmaður Margrétar, Jóhann Hansen, fékk í þrítugsafmælisgjöf fyrir sautján árum. Tengdafaðir Margrétar sér svo um að prýða pallinn blómum en annars er stefnan að leyfa því að vaxa óáreitt sem ákveður að sá sér í potta og kirnur. Fyrir nokkrum árum var settur heitur pottur á neðri pallinn og svo náttúrlega róla. „Þetta er bekkur sem maðurinn minn smíðaði og hægt er að rugga sér í. Það er skyggni yfir og mikið skjól og dásamlegt að sitja þar og lesa eða spjalla.“



Flest það sem grær er velkomið á pallinn, hvort sem það er fært í pott eða sáir sér sjálft.



Örlítil stækkun á svölunum endaði sem pallur á tveimur hæðum þar sem hægt er að grilla allan ársins hring.



Ruggubekkurinn þar sem hægt er að týnast í bók eða spjalli.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Corolla sport. Árgerð 2005, ekinn 188 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.288949.



HONDA Cr-v advance. Árgerð 2006, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.288940.



TOYOTA Yaris 1.3 orange. Árgerð 2017, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.151849.

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Rav4 hybrid vx 4wd. Árgerð 2017, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.151822.



TOYOTA Rav4 gx. Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.151848.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



NISSAN Qashqai. Árgerð 2017, ekinn 25 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.890.000. Rnr.115892.



VW Golf gti. Árgerð 2014, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar.Ásett verð 3.990 tilboðVerð 3.190.000. Rnr.211354.



TOYOTA Land cruiser 100 vx. Árgerð 2006, ekinn 269 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 3.980.000. Rnr.115902.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



FORD F350 platinium. Árgerð 2017, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.048.000.+ VSK Rnr.115864.



GMC Sierra denali 3500hd nýja vélin . Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.m öllu Verð 7.975.000.+ vsk Rnr.211296.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



**GASTRO TRUCK**
Veitingabíll til sölu,skoðaður 18,tilbúinn í business,verð 3,5 . uppl. 8205181



Ford Transit árg.'06 afturhjóladr. Tvöföldu að aftan, fortjald á markísu ekinn 55 þ. Nýleg dekk, allir geymar nýjir. Einn með öllu verð. 6.9 millj. Uppl. Í síma 699-4794

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN,
MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í VINNU.

HANDAFL EHF
STARFSMANNAÞJÓNUSTA
S. 777 2 333

# NÝIR
# NISSAN LEAF TEKNA+

30 KWH RAFHLAÐA MEÐ 250 KM DRÆGNI

EVRÓPUBÍLAR Í ÁBYRGÐ



**BÍLAR MEÐ ÖLLUM HUGSANLEGUM AUKABÚNAÐI ÞAR Á MEÐAL:**

- ✓ 360 gráðu myndavélakerfi
- ✓ Bose hljóðkerfi
- ✓ Sólarsella
- ✓ Leðursæti
- ✓ ... og öll önnur hugsanleg þægindi

KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ - BÍLAR Á STAÐNUM

VERÐ KR.
**3.580**
ÞÚSUND

**90% lánamöguleikar**

**586 1414**
stora@stora · www.stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Bílar til sölu



**CITROËN XM 2.0, 1996**
Innfluttur 2013, tveir eigendur, viðhaldsbók frá upphafi. Ekinn 160 þús Verð: tilboð. S. 8973015

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hópferðabílar




## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet. Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

**VEIÐIBÆNDUR**
Þjórsá, Ölfusá, Hvítá laxanetin tilbúin. heimavik ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Brjálað tilboð af flugulínum 2 fyrir einn af Vision ,scientific Anglers og aqua flugulínum. Veiðiportið Grandagarði 3 s.552-9940




# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VEISLAN**
Veislan óskar eftir bílstjóra í 100 % vinnu, einnig leitar Veislan eftir að ráða einstakling í framtíðarstarf smurbrauði. Verður að vera íslenskumælandi.
**Umsóknir sendist á andrea@veislan.is**

Óskum eftir smiðum til vinnu. Fjölbreytt störf í boði. Uppl. í s. 661 9083

**MÓTTAKA / HOTEL RECEPTIONIST**
41 - A Townhouse Hotel leitar af starfsmanni í móttökustarf með frábæra þjónustulund í krefjandi og skemmtilegt starf. Ensku kunnátta skilyrði. Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. It must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent english required. It this sounds interesting to you please send your cv to jobs@41hotel.is




## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Efnistaka Ístaks í Stapafelli á Reykjanesi**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Ístaks er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

## Til sölu




## Fasteignir




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 12.júlí kl.17:00-17:30**

Mjög falleg og björt 114,6 fm endaíbúð á 5. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Vandaðar innréttingar og tæki. Eignin skiptist í : forstofu, sjónvarpshol, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, tvö svefnherbergi, þvottahús og geymslu. Rúmgóðar yfirbyggðar suður svalir. Eignin er laus til afhendingar strax.

Verð: **65,9 millj.**



**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Mun hótelherbergjum fjölga um tvö þúsund á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Útlán viðskiptabankanna til ferðaþjónustunnar




Ársfjórðungur

*Heimild: Seðlabanki Íslands*

ferðaþjónustufyrirtækja, þar með talið hótela, á síðustu tveimur árum. Æ fleiri fyrirtæki sækjast nú eftir lánsfé en vísbendingar um það sjást enn fremur í tölum um hrein ný útlán bankanna, þar sem vöxturinn hefur verið hvað mestur í lánum til ferðaþjónustu.

### Stíga varlega til jarðar

Seðlabankinn fylgist vel með stöðu mála og kallar ársfjórðungslega eftir upplýsingum frá bönkunum um útlán þeirra til ferðaþjónustu. Í svari Arion banka við fyrirspurn Markaðarins segir að í lok síðasta árs hafi hlutfall lána til aðila í ferðaþjónustu verið fimm prósent af lánasafni bankans, en hlutfallið var fjögur prósent í árslok 2015. Bankinn hefur ekki birt upplýsingar um þróunina það sem af er þessu ári en nefnir þó að almennt sé vöxtur í lánaeftirspurn á fyrirtækjamarkaði og þar sé ferðaþjónustan engin undantekning.

Íslandsbanki er aðeins umsvifameiri í lánveitingum til ferðaþjónustunnar, en um áramót fóru þrettán prósent af lánasafni bankans til ferðaþjónustunnar. Vega hótel þyngst í þeim lánveitingum. Var hlutfallið tólf prósent í lok fyrsta fjórðungs þessa árs.

Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta hjá Íslandsbanka, segir bankann hafa lánað í farsæl verkefni í ferðaþjónustunni. Þar hafi verið mikill uppgangur á síðustu árum. „Eins og fram kom í nýlegri skýrslu OECD er mikill þrýstingur víða og því er mikilvægt að stíga varlega til jarðar í stórum framkvæmdum. Ferðaþjónustan er ein af undirstöðuatvinnugreinum okkar og sjáum við tækifæri í greininni. En ljóst er að það þarf að horfa til langs tíma við slíkar ákvarðanir,“ segir hann.

Landsbankinn hefur ekki birt upplýsingar um útlán sín til ferðaþjónustu. Í svari bankans segir þó að sé tekið mið af þeim útlánareglum sem bankinn hefur sett sér séu útlán hans til ferðaþjónustu vel innan við viðmiðin sem þar er kveðið á um. Einnig er tekið fram í svarinu að almennt komi sterkt gengi krónunnar illa við útflutningsgreinar, þar með talið ferðaþjónustu. Það sé jafnframt gömul saga og ný að hátt gengi komi verr við skuldsett útflutningsfyrirtæki.

### Mikil fjárfestingarþörf

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á hótelmarkaði síðustu ár telja greinendur að enn sé þörf á auknum fjárfestingum og fleiri hótelherbergjum. Í því sambandi er oft nefnt að fjölgun ferðamanna hafi verið töluvert umfram fjölgun hótelherbergja. Greiningardeild Íslandsbanka reiknar til dæmis með því að fjárfesting í hótelum á höfuðborgarsvæðinu verði tæplega 46 milljarðar króna á næstu fjórum árum og að hótelherbergjum muni fjölga um rúmlega tvö þúsund á sama tíma.

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir að fjöldi erlendra ferðamanna á hvert hótelherbergi hafi aukist verulega undanfarin ár, samhliða auknum straumi ferðamanna hingað til lands, eftir að hafa legið á fremur þröngu bili á árunum 2003 til 2010. „Á þann mælikvarða hefur byggst upp á síðustu árum þörf fyrir aukið gistirými og eru núverandi áform um aukna hóteluppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu því ekki byggðar á einhverri ofurbjartsýni,“ segir hann.

Fjöldi erlendra ferðamanna á hvert herbergi á höfuðborgarsvæðinu var á bilinu 161 til 182 frá árinu 2003 til 2010. Á síðasta ári var fjöldinn 390. Meðalfjöldi hótelherbergja á síðasta ári var um 4.500 á höfuðborgarsvæðinu og jókst um 700 herbergi frá fyrra ári.

### Ólíklegt að ferðamönnum fækki

„Þó svo að öll áform um hóteluppbyggingu gangi eftir á næstu árum verður hlutfallið engu að síður áfram sögulega hátt. Vissulega er ekki hægt að útiloka einhverja fækkun ferðamanna á næstu árum en ferðamönnum þyrfti að fækka um helming til að hlutfallið færi aftur niður á það stig sem var fyrir uppsveifluna. Það tel ég vera mjög ólíklegt enda hafa erlendir ferðamenn brugðist við verulega hækkandi verði á íslenskri ferðaþjónustu í erlendri mynt á undanförnum misserum með því að draga úr dvalarlengd sinni fremur en að hætta við för til Íslands,“ nefnir hann og bætir við:

„Miðað við þennan mælikvarða ætti arðsemin, að öðru óbreyttu, að vera töluvert betri í dag heldur en hún var fyrir ferðamannauppsveifluna. Ég myndi því ekki hafa sérstakar áhyggjur af því að við séum að byggja of mikið. Við höfum meira borð fyrir báru núna. Ef hótelin gátu rekið sig fyrir uppsveifluna ætti rekstrargrundvöllurinn í dag að vera enn betri þó svo að það komi eitthvert bakslag í komu ferðamanna.“

Gústaf segir staðsetningu hótelfjárfestinga skipta miklu máli. Herbergjanýtingin sé töluvert betri á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Arðsemismöguleikarnir séu því meiri þar en á til dæmis Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. „Dvalarlengd ferðamanna hefur verið að dragast saman á síðustu misserum, meðal annars vegna styrkingar krónunnar. Styttri dvöl gefur síður svigrúm til þess að fara út fyrir höfuðborgarsvæðið og ég held því að nýfjárfesting í hótelum úti á landi sé í töluvert meiri hættu en verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu.“

# Mikilvæg uppgreiðsla á gjaldeyrisskuld Landsbankans við LBI



**Ari Skúlason**
hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans

**Góður árangur í rekstri og erlendri fjármögnun Landsbankans og batnandi efnahagslegar aðstæður gerðu bankanum kleift að endurgreiða skuldina mun hraðar en útlit var fyrir.**

Ari Skúlason hagfræðingur

Það markaði töluverð tímamót þegar Landsbankinn greiddi endanlega upp skuld sína við gamla bankann, LBI ehf., þann 22. júní síðastliðinn. Upphaflega nam skuldin um 350 milljörðum króna á þáverandi gengi, að teknu tilliti til skilyrts skuldabréfs sem var hluti af samningnum.

Þegar skuldabréfið til LBI, þ.e. gamla bankans, var gefið út var rúmlega ár liðið frá hruninu og lítið hafði breyst til batnaðar. Efnahagsbati var ekki í augsýn og mikil óvissa ríkti um stöðu einstaklinga og fyrirtækja. Erlendir fjármagnsmarkaðir voru meira eða minna lokaðir.

Það var við þessar aðstæður, í desember 2009, sem Landsbankinn samþykkti að gefa út skuldabréf til LBI sem endurgjald fyrir eignir og skuldir sem nýi bankinn hafði yfirtekið. Skuldabréfið var allt í erlendum gjaldmiðlum og með 2,9 prósenta álag ofan á LIBOR-vexti. Engar afborganir voru af láninu fyrstu fimm árin en endurgreiðslu þess skyldi lokið haustið 2018. Með samkomulaginu eignaðist LBI 18,7 prósenta hlut í bankanum. Vaxtakjörin voru talin ásættanleg en bankinn hafði í raun ekki um aðra kosti að velja þar sem önnur erlend fjármögnun var ekki í boði. Það skipti einnig miklu máli að ekki þurfti að byrja að borga af láninu fyrr en árið 2014. Hluti af samningnum fólst í að tiltekinn hluti af lánasafni bankans yrði tekinn til hliðar og möguleg virðisaukning myndi skiptast þannig að 15 prósent féllu í hlut Landsbankans og 85 prósent færu til LBI. Virðismat átti að fara fram í lok árs 2012 og ef virðisaukning yrði á lánasafninu átti bankinn að gefa út viðbótarskuldabréf til LBI.

Ljóst var að endurgreiðsla lánsins yrði þungur biti. Það kom þó fljótlega í ljós að eignirnar sem Landsbankinn fékk frá gamla bankanum voru mun verðmætari en upphæð skuldarinnar við LBI sagði til um. Rekstur bankans gekk sífellt betur og á árinu 2012 var lausafjárstaða í erlendri mynt orðin það sterk að bankinn gat greitt rúmlega 70 milljarða króna fyrirfram inn á skuldina við LBI. Í mars 2013 var komið að því að ganga frá uppgjöri skilyrta skuldabréfsins. Landsbankinn gaf þá út viðbótarskuldabréf að jafngildi 92 milljarða í erlendum myntum og LBI lét af hendi allan eignarhlut sinn í bankanum.

Þegar þarna var komið sögu höfðu aðstæður á fjármagnsmörkuðum batnað og bankinn var kominn í færi til að sækja sér hagstæðari erlenda fjármögnun. Til að styrkja samningsstöðu bankans gagnvart erlendum lánveitendum var mikilvægt að semja upp á nýtt við LBI, lengja í láninu og auka þannig svigrúm bankans. Erfiðara væri fyrir bankann að semja um hagstæð kjör ef nýir lánveitendur teldu að bankinn væri í þröngri stöðu vegna endurgreiðslu á LBI-skuldinni. Árið 2014 var samið um breytingar á skilmálum sem fólust meðal annars í því að lokagjalddagi var færður aftur til ársins 2026 í stað 2018.

Ekkert var nú í vegi fyrir því að Landsbankinn gæti hafið lántökur á alþjóðlegum mörkuðum. Landsbankinn hóf erlenda skuldabréfaútgáfu á árinu 2015 og kjörin sem bankinn hefur fengið hafa farið sífellt batnandi. Góður árangur í rekstri og erlendri fjármögnun Landsbankans og batnandi efnahagslegar aðstæður gerðu bankanum kleift að endurgreiða skuldina við LBI mun hraðar en útlit var fyrir. Það er því óhætt að segja að Landsbankanum, eins og íslenska þjóðarbúinu, hafi tekist að spila vel úr þeim spilum sem hann fékk á hendi á árunum eftir hrun.

## Eftirstöðvar höfuðstóls LBI skuldabréfa og uppgreiðslur

*upphæðir í milljörðum króna



# Skotsilfur

## Ráðuneytiskapall



Í stjórnkerfinu er nú unnið að því að gera breytingar á ráðuneytisstjórum í valdamestu ráðuneytunum. Þannig er Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagður hafa hug á því að fá **Guðmund Árnason,** sem hefur gegnt starfi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu um árabil, yfir til sín í forsætisráðuneytið. Talið er að eftirmaður Guðmundar í fjármálaráðuneytinu verði Tómas Brynjólfsson, sem var um tíma skrifstofustjóri efnahagsmála og fjármálamarkaða í ráðuneytinu, en hefur síðustu tvö ár starfað á vettvangi EFTA. Ekki liggur hins vegar fyrir hvað verður um Ragnhildi Arnljótsdóttur sem hefur verið ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu frá 2009.

## Kom ekki á óvart



Tilkynnt var á dögunum að Sigþóri Jónssyni, sem hafði verið framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa (ÍV) frá því í ársbyrjun 2015, hefði verið sagt upp störfum. Þau tíðindi komu ekki mjög á óvart en sá orðrómur hafði verið á kreik um nokkurt skeið að staða Sigþórs væri veik og að stjórn félagsins hefði í hyggju að fá nýjan framkvæmdastjóra. Á meðal þeirra sem eru helst nefndir til að taka við framkvæmdastjórastólnum er núverandi stjórnarformaður Íslenskra verðbréfa, **Eiríkur S. Jóhannsson,** en hann hefur verið forstjóri Slippsins á Akureyri frá 2015 og var meðal annars áður framkvæmdastjóri hjá Baugi Group.

## Talaði gegn evru



Athygli vakti í síðustu viku þegar greint var frá því að **Anthanasios Orphanides,** fyrrverandi bankastjóri Seðlabanka Kýpur, myndi veita sérstakri verkefnisstjórn á vegum íslenskra stjórnvalda ráðgjöf um peningastefnu til framtíðar. Orphanides þessi stóð í ströngu þegar evrukreppan reið yfir álfuna og hefur margt miður fallegt að segja um framgöngu valdamanna í Brussel. Hann kom hingað til lands sumarið 2014 og ráðlagði þá Íslendingum að taka ekki upp evru. Og raunar gekk hann lengra en það og fullyrti að það yrðu mistök fyrir hvaða ríki sem er að ganga í myntbandalagið. Evrusvæðið væri einfaldlega ekki sjálfbært.

## Minni sala hjá Marks & Spencer




Sala bresku verslanakeðjunnar Marks & Spencer heldur áfram að dragast saman en samdrátturinn á öðrum fjórðungi ársins var þó minni en greinendur höfðu reiknað með. Tekjur drógust þannig saman um 1,2 prósent miðað við sama tíma 2016. Keðjan hefur misst markaðshlutdeild til alþjóðlegra keppinauta á borð við Zöru og H&M á undanförnum mánuðum, en er eftir sem áður stærsti seljandi fatnaðar í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Góðar fréttir og slæmar um heimsviðskipti



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Verndarstefnutal Donalds Trump veldur sannarlega áhyggjum og vekur upp gamlar minningar um verndarstefnuna á 4. áratug síðustu aldar. Þá guldu ríki líku líkt í heimsviðskiptum og verndarstefna eins ríkis – til dæmis hin alræmdu Smoot-Hawley tollalög í Bandaríkjunum – olli því að önnur ríki gripu til sinna eigin skaðlegu verndaraðgerða.

Enn sem komið er getum við hins vegar ekki sagt að við sjáum endurtekningu á verndarbylgjunni frá því á 4. áratugnum. Jú, Bandaríkin eru orðin verndarsinnaðri, en það lítur út fyrir að önnur ríki heims hafi, í stað þess að taka upp slæma stefnu Bandaríkjanna, orðið hrædd við popúlíska og verndarsinnaða orðræðu Trumps.

Gott dæmi um þetta er nýr fríverslunarsamningur Evrópusambandsins og Japans – hinn svokallaði Efnahagslegi samstarfssamningur.

Samningurinn sem náðist eftir fjögurra ára viðræður mun fella niður tolla á 99% vara sem seldar eru á milli ESB og Japans. ESB og Japan munu opna opinbera innkaupamarkaði sína hvort fyrir öðru og fella niður viðskiptahindranir aðrar en tolla.

Samningurinn er sannarlega góðar fréttir fyrir heimsbúskapinn þar sem ESB og Japan eru samanlagt með 30% af vergri landsframleiðslu heimsins. Svo það ber að fagna þessum samningi, ekki bara vegna beinna jákvæðra áhrifa á heimsbúskapinn, heldur einnig vegna þess að hann sýnir heiminum að leiðin fram á við er ekki lokuð landamæri og verndarstefna. Við eigum að taka frjálsum viðskiptum og alþjóðavæðingu opnum örmum í stað þess að hafna slíku.

> **Reyndar hófst endurkoma bandarískrar verndarstefnu – slæm hefð sem á sér langa sögu – á meðan Barack Obama var forseti.**

Því miður skilur Donald Trump þetta ekki en hins vegar byrjaði ekki verndarstefna Bandaríkjanna með Donald Trump. Reyndar hófst endurkoma bandarískrar verndarstefnu – slæm hefð sem á sér langa sögu – á meðan Barack Obama var forseti.

Alþjóðlega rannsóknarstofnunin Global Trade Alert sem fylgist með verndunaraðgerðum um allan heim gaf út ársskýrslu sína í síðustu viku. Það eru góðar fréttir og slæmar fréttir í skýrslunni.

Slæmu fréttirnar eru að stærsta hagkerfi heimsins verður sífellt lokaðra. Góðu fréttirnar eru að verndarstefnan er ekki að ná sér á strik annars staðar.

Þannig heldur verndarstefna Bandaríkjanna áfram að vaxa en í stað þess að svara í sömu mynt hafa önnur stór hagkerfi heimsins (G20-ríkin) í raun dregið úr verndaraðgerðum sínum hvert gegn öðru og gegn Bandaríkjunum.

Svo það kemur í ljós að Donald Trump hefur haft góð áhrif að einu leyti. Hann hefur styrkt ferlið í átt að sívaxandi alþjóðavæðingu og frjálsri verslun – að minnsta kosti ef við lítum fram hjá bandaríska hagkerfinu. Því miður (hvað þetta varðar) eru Bandaríkin enn stærsta hagkerfi heims.

En mesta lofið ættu leiðtogar Evrópusambandsríkjanna, Japans og Kína að fá fyrir að halda áfram að styðja meiri frjálsa verslun í stað þess að snúa sér inn á við (og niður á við!).

# KÞBAVD og skátavagninn



**Hin hliðin**
**Herdís Sigurjónsdóttir**
framkvæmdastjóri, FKA-félagskona og skáti

Það sást á vilja kjósenda í samkeppni Strætó bs um skreytingu á strætisvagni á dögunum að það er markaður fyrir breytingar í samfélaginu.

Í fyrsta sæti lenti tillaga Lenu Margrétar Aradóttur um KÞBAVD „konur þurfa bara að vera duglegri“ vagninn. Snilldar frasi og kaldhæðin ádeila á þau fjölmörgu skipti sem við konur upplifum kröfur samfélagsins um að við hegðum okkur eða lítum öðruvísi út en við gerum til að við verðum ekki fyrir misrétti. Breytinga er þörf.

Í öðru sæti lenti tillaga Jakobs Guðnasonar um MOOT 2017 skátavagninn. Um er að ræða stærsta skátamót Íslandssögunnar þar sem yfir fjögur þúsund 18-25 ára skátar og þúsund eldri frá yfir 100 þjóðlöndum koma saman. Breytingar, eða Change – Inspired by Iceland, er þema skátamótsins. Hver og einn hefur sett sér persónuleg markmið um það sem hann ætlar að læra og gera á Íslandi og nýta til að breyta og bæta samfélagið í eigin landi.

Mótssetning er í Laugardalnum 25. júlí og verða þátttakendur fluttir í sjálfbær fjölþjóðleg samfélög skáta í Reykjavík, Akureyri, Hafnarfirði, Þingvöllum, Skaftafelli, Heimalandi, Vestmannaeyjum, Selfossi, Akranesi, Hveragerði og í Hólaskjóli. Á hverjum stað er fjölbreytt dagskrá og munu skátarnir gefa ígildi 20.000 vinnustunda við samfélags- og umhverfisþjónustu líkt og göngustígagerð og hreinsun stranda. Allir sameinast loks á Úlfljótsvatni og er mótinu slitið 2. ágúst.

Síðustu þrjú ár hafa yfir 100 Íslendingar undirbúið mótið og hafa margir bæst við á lokametrunum. Fjölmargar áskoranir hafa verið við skipulagninguna, enda verkefnið stórt og markmiðið að gera upplifun skátanna einstaka. Öryggis- og heilbrigðismál hafa verið undirbúin í mínum hópi og hafa Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði krossinn reynst öflugir samstarfsaðilar.

Auk allra sjálfboðnu vinnustundanna, eru áætlaðar gjaldeyristekjur af mótinu yfir tveir milljarðar króna. Brátt verða farnar 650 rútuferðir með skáta á milli landsvæða, ásamt öllu því sem þarf til að byggja skátasamfélög íbúa frá mismunandi menningarheimum. 240 tjöld sem þola vind og mikla úrkomu. Halal, kosher, vegan, glútenlaust og grænmetisfæði sem eldað verður í 400 pottum á 120 eldavélum.

Þátttakendur MOOT 2017 munu einnig ferðast um landið á eigin vegum og styttist því í að þið, lesendur góðir, farið að rekast á glaða og fróðleiksfúsa skáta frá öllum heimshornum. Það þyrstir í að læra eitthvað nýtt og spennandi um land og þjóð. Verið viðbúin!

Draumaeignin mín er við *(götuheiti)* ______. Það er margt frábært við *(nafn á hverfi)* ______, en *(nafn á stað)* ______ er klárlega í uppáhaldi. Svo er líka stutt í *(staður sem þú sækir oft)* ______ sem er mikill kostur.

þín framtíð
þitt húsnæðislán
framtidin.is

Framtíðin

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. júlí 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Króna fyrir hvern?

**Krónan** hefur gefið eftir um tæp tíu prósent gagnvart helstu viðskiptamyntum á rúmum mánuði. Athygli vekur að það gerist á háannatíma ferðaþjónustunnar, en samkvæmt öllum hefðbundnum stikum ætti blásumarið að vera sá tími þegar innflæði gjaldeyris er mest til landsins. Sagan segir okkur að krónan styrkist alla jafna á þessum árstíma. Nú er annað uppi á teningnum og margir anda vafalaust eilítið léttar. Útflutningsgreinarnar hafa einfaldlega verið komnar að þolmörkum.

**Athyglisvert** hefur líka verið að heyra í fólki sem starfar í ferðaþjónustu. Margir hafa talað opinberlega um að ferðamenn kvarti undan okri – þó það nú væri – og aðrir hafa ekki farið leynt með að farið sé að bera á afbókunum fyrir næsta vetur. Greinilegt er því að krónan ofursterka er farin að bíta á nýju grundvallaratvinnugreinina okkar.

**Vonandi** er skaðinn ekki óafturkræfur, en ljóst er þó að ferðaþjónustan, rétt eins og aðrar atvinnugreinar í landinu sem á einhvern hátt byggjast á samskiptum við útlönd, má illa við því að notast við gjaldmiðil sem reglulega tekur snarpar dýfur eða stökk í hæstu hæðir eins og hendi sé veifað. Það býður ekki bara þeirri hættu heim, að ferðamönnum ofbjóði verðlagið þegar sá gállinn er á krónunni, heldur er nánast ómögulegt að gera skynsamlegar rekstraráætlanir til lengri tíma. Ófáir bílaleigur hérlendis í sumar eru til marks um það.

**Nú hefur** ferðaþjónustan fengið að finna fyrir því hversu óhentugur gjaldmiðill krónan er. Sjávarútvegurinn hefur sömuleiðis fengið að finna fyrir henni. Sú tíð er sem betur fer liðin að forsvarsmenn þeirrar ágætu atvinnugreinar geti pantað gengisfellingu eftir hentugleikum. Raunar er það svo að sú atvinnugrein hefur í auknum mæli sagt skilið við krónuhagkerfið. Tekjurnar eru í erlendum gjaldeyri og framleiðsla innanlands að leggjast af eins og dæmi HB Granda á Akranesi ber vott um.

**Ekki er** því gott að segja hverjir hafa hag af að halda krónunni. Kannski helst pólitíkusarnir sem hafa þá fleiri þræði á sinni hendi, fleiri bitlinga og störf til að útdeila. Gjarnan er vitnað til þess að krónan veiti sveigjanleika þegar illa árar. Vissulega er sannleikskorn í því. Hin hliðin á peningnum er sú að þótt gengissveiflurnar kunni að draga úr sjúkdómseinkennum með því að varpa kvölinni yfir á aðra, þá er krónan króníski sjúkdómurinn sem sífellt er verið að glíma við.

## Hagnaður BBA minnkar um 90 prósent



Baldvin Björn Haraldsson

Hagnaður BBA Legal nam 27 milljónum 2016 og dróst saman um liðlega 90 prósent frá fyrra ári þegar hann var 263 milljónir. Þá minnkuðu tekjur lögmannsstofunnar um næstum helming á milli ára en þær voru um 400 milljónir í fyrra, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi.

Afkoma BBA Legal frá falli fjármálakerfisins hefur verið afar góð. Þannig nam uppsafnaður hagnaður 2009 til 2015 samtals um 1.600 milljónum króna.

Stærstu hluthafar BBA Legal, sem eiga hver um sig 17,78 prósent, eru Baldvin Björn Haraldsson, Einar Baldvin Árnason, Bjarki H. Diego, Ásgeir Árni Ragnarsson og Atli Björn Þorbjörnsson. – **hae**

5.07.2017



**Menn verða að gæta hófs þegar kemur að bónusgreiðslum og gera bónusgreiðslur með þeim hætti að það sé raunverulegt framlag sem liggur þar að baki og að þær misbjóði ekki almenningi.**

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar





Sómasamlokur

SAMLOKURNAR OKKAR

ERU BESTAR Í DAG

FERSKT Á FERÐINNI • FRESH TO GO




UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## THULE Ferðavörur



## THULE Hjólafestingar



## THULE Hjólavagnar



## THULE Ferðabox




Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
12. JÚLÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR

# Bókin er eins og ástarbarn bókmenntafræðings og rithöfundar

**Rithöfundurinn Jóhanna María Einarsdóttir var að senda frá sér sína fyrstu bók sem ber heitið Pínulítil kenopsía. Varúð, hér leynast krókódílar. Jóhanna segir bókina, sem hefur að geyma ýmiss konar texta, vera fyrir alla þá sem hafa gaman af því að lesa og hlæja.**

Bókin Pínulítil kenopsía. Varúð, hér leynast krókódílar er póstmóderniskt skáldverk gegnumsýrt af karnívali,“ segir rithöfundurinn Jóhanna María Einarsdóttir spurð út í sína fyrstu bók sem kom út nýlega.

„Ef lesandi er ekki með þessi hugtök á hreinu, þ.e. póstmódernismi og karníval, þá er ágætis útskýringu á báðum fyrirbærum að finna á síðum bókarinnar, ásamt greinargóðri útlistun á kenopsíu. Bókin var sérstaklega skrifuð með það í huga að undanskilja söguþráð og ég held að mér hafi tekist ágætlega upp með það.

Í verkinu eru ýmiss konar textar, og þar á meðal samtöl við sögulega karaktera, hugleiðing um stærð regnbogans og lýsing á ótrúlegri kynlífsupplifun. Þessir textar tengjast allir á einhvern hátt með nokkrum rauðum þráðum og stefjum sem binda allt verkið saman. Eiginlega má segja að Pínulítil kenopsía sé hið fullkomna ástarbarn geggjaðs bókmenntafræðings og hugmyndaríks rithöfundar, þó ég segi sjálf frá,“ útskýrir Jóhanna sem er með BA-gráðu í myndlist og bókmenntafræði og MA-gráðu í ritlist.

Aðspurð fyrir hvern bókin sé segir Jóhanna: „Ég held að Pínulítil kenopsía sé fyrir langflesta sem hafa gaman af því að lesa og/eða hlæja. Textarnir eru mjög ólíkir og ætti því hver og einn að geta fundið sinn uppáhaldstexta. Mér hefur líka verið greint frá því að bókin sé svolítið eins og ég sjálf; svolítið skrítin, dálítið spes en mjög skemmtileg.“

> **Textarnir eru mjög ólíkir og ætti því hver og einn að geta fundið sinn uppáhaldstexta. Mér hefur líka verið greint frá því að bókin sé svolítið eins og ég sjálf; svolítið skrítin, dálítið spes en mjög skemmtileg.**

**Lítil sæt bók sem er samt svo stór**

Jóhanna segir upphafið að þessari fyrstu bók sinni hafa kviknað í ritlistarnámi. „Pínulítil kenopsía er upphaflega skrifuð sem meistaraverkefni í ritlist í Háskóla Íslands og var leiðbeinandi minn við skriftir rithöfundurinn Hermann Stefánsson, erkipóstmódernisti Íslendinga.

Það sem ég byrjaði með, þegar ég ákvað að skrifa Pínulitla kenopsíu, var einnar blaðsíðu texti þar sem ég ávarpa lesanda, lýsi fyrir honum ákveðnum aðstæðum og set hann inn í þær sem persónu.



**Jóhanna María hefur áður gefið út ljóð og texta en Pínulítil kenopsía. Varúð, hér leynast krókódílar er fyrsta bókin hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í textanum spjalla ég við lesanda, skamma hann, hrósa honum og bið hann vinsamlegast um að vera eftirtektarsamari. Svo leiddi bara eitt af öðru. Þessi texti var alltaf fremstur í Word-skjalinu og alltaf í huga mér þegar ég skrifaði nýja texta inn í þetta sama Word-skjal. Þannig tókst mér til dæmis að binda saman ólíka texta og hugmyndir sem annars væri eiginlega ómögulegt að setja saman. Útkoman er þessi litla sæta bók sem er þó ótrúlega stór að því leyti að hún inniheldur fullt af bókmenntagreinum,“ segir Jóhanna.

Spurð út í hvort hún sé ánægð með útkomuna segir Jóhanna: „Þetta er besta bók sem ég hef skrifað en vonandi mun ég gefa út aðrar að minnsta kosti jafn góðar ef ekki betri bækur í framtíðinni.“

**Barnabók í vinnslu**

*Hvað er svo fram undan?* „Ég er með einhver verk í vinnslu einmitt núna. Það er barnabók í tölvunni minni sem ber vinnunafnið „Dót á tombólu“ og er mjög innblásin af minni eigin æsku. Ég hef alltaf verið svolítið krakkaleg í háttum þannig að ég held það liggi alveg fyrir mér að skrifa barnabók. Annars er ég að endurrita ævisögu ættingja míns sem var uppi á fyrri hluta 20. aldar. Hann mun hafa verið frekar óheppinn og hálfgerður Bjartur í Sumarhúsum úr Sjálfstæðu fólki. Ég held að það væri hægt að gera ýmislegt við þennan texta og fá kannski sagnfræðing til þess að vinna með mér. Svo reyni ég alltaf að vera með kveikt á ljóðamyndavélinni í hausnum á mér og skrá niður áhugaverð andartök og setningar í skissubókina mína.“

**gudnyhronn@365.is**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elísabet Eggertsdóttir**

Garðavegi 19, Hvammstanga, áður húsfreyja á Ytri-Ánastöðum,

lést á sjúkrahúsinu á Hvammstanga þriðjudaginn 4. júlí. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 14. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök HVE á Hvammstanga.

**Þóra Jónsdóttir**
**Eðvald Magnússon**
**Helga Auður Jónsdóttir**
**Hólmgeir Jónsson**
**Sigurósk Edda Jónsdóttir**
**Karl Ottó Karlsson**
**Eggert Jónsson**
**Guðmundur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskaða

**Halldórs Ingva Emilssonar**

Þið hafið veitt okkur ómetanlegan styrk.

**Gerður Sigríður Tómasdóttir**
**Jón Emil Halldórsson**
**Hrannar Jón Emilsson**
**Helgi Hrafn Emilsson**
**Jóhanna Gerður Hrannarsdóttir**
**Ívar Hrannarsson**
**Helga Emilsdóttir**
**Halldór Ingvason**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Benediktsdóttir**

Keldulandi 15, Reykjavík,

sem lést þann 29. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. júlí kl. 13.

**Gylfi Þórðarson**
**Karítas Margrét Jónsdóttir**
**Gústaf Reynir Gylfason**
**Benedikt Gísli Gylfason**
**Kristján Birgir Gylfason**
**barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín og tengdamóðir,

**Guðríður Ólafía Vestmann Nikulásdóttir**

Skagfirðingabraut 39, Sauðárkróki,

lést á Landspítalanum 1. júlí sl.

Jarðarförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju, laugardaginn 15. júlí kl. 14.00.

**Guðný María Bragadóttir**
**Einar Rúnar Ísfjörð**



✝

Okkar ástkæra

**Guðrún Kristjánsdóttir**

dvalarheimilinu Lögmannshlíð,

lést miðvikudaginn 5. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. júlí kl. 13.30.

**Angantýr Einarsson**
**Auður Ásgrímsdóttir**
**Bergþóra Einarsdóttir**
**Eyjólfur Friðgeirsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmar Guðjónsson**

frá Stóra-Hofi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Sigurjón Kristinn Guðmarsson**
**Guðný Jóna Guðmarsdóttir**
**Ólafur Hlynur Guðmarsson**
**og fjölskyldur.**



## Merkisatburðir

**1636** Um 35 Íslendingar voru keyptir lausir úr Barbaríinu.

**1932** Norskir hermenn lögðu hluta Austur-Grænlands undir sig og kölluðu Eirik Raudes Land.

**1947** Síldveiðiskipið Sverrir sökk á Skagagrunni. Það var áður olíuflutningaskip, smíðað árið 1928, hið fyrsta í íslenskri eign.

**1951** Óskar Halldórsson útgerðarmaður og börn hans afhentu ríkinu vaxmyndasafn með myndum af 18 Íslendingum og 15 þekktum erlendum mönnum.

**1979** Kíribatí fékk sjálfstæði frá Bretlandi.

**1966** Raunvísindastofnun Háskóla Íslands tók formlega til starfa. Hún fæst við grunnrannsóknir og kennslu.

**2006** Ísraelskar hersveitir réðust inn í Líbanon í kjölfar þess að Hezbollah tók tvo ísraelska hermenn í gíslingu.

**2013** **Malala Yousafzai** ávarpaði Sameinuðu þjóðirnar í New York á 16 ára afmælisdegi sínum og krafðist réttinda til menntunar fyrir alla.

---




Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför foreldra okkar,

**Jónínu Ernu Guðlaugsdóttur og Ágústs Kristmanns**
Kirkjulundi 12, Garðabæ.

Sérstökum þökkum viljum við koma á framfæri til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Ísafoldar í Garðabæ fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Aðstandendur hinna látnu.**

---



Ástkær sonur minn og bróðir,

**Örn Úlriksson**

er látinn.
Útförin fer fram í kyrrþey.

**Kristín Guðrún Jónsdóttir**
**og Helgi Þór Kristínarson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Hermannsdóttir**
frá Langholti,
Fossvegi 2, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands föstudaginn 7. júlí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 14. júlí kl. 14.

**Reimar Ingimundarson** **Sesselja Íris Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Ingimundardóttir** **Karl Óskar Svendsen**
**Herdís Halla Ingimundardóttir** **Jóhannes Eggertsson**
**Jón Hermann Ingimundarson** **Margrét Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigfúsdóttir**
Sléttuvegi 29, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 5. júlí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. júlí klukkan 13.

**Jóhann Hannesson**
**Arnbjörg Jóhannsdóttir**
**Jóhanna Jóhannsdóttir** **Birgir Þórisson**
**Jóhann Birgisson**
**Hulda Birgisdóttir**
**Margrét Birgisdóttir** **Hlynur Sigurðsson**
**Arnbjörg Hlynsdóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Þórarins Grímssonar**
Knarrarbergi 8, Þorlákshöfn.

**Valgerður Jóhannesdóttir,**
**börn, barnabörn og fjölskyldur.**

---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svava Björgólfs**

lést þann 1. júlí 2017.
Jarðarförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 14. júlí kl. 13.00.

**Ingimundur Kr. Helgason**
**Brynhildur Ingimundardóttir** **Haraldur Johannessen**
**Ragna Ingimundardóttir** **Jón Júlíusson**
**Jóhannes Ingimundarson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Magnús Jónasson**
skrúðgarðyrkjufræðingur,

lést á heimili sínu laugardaginn 8. júlí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 13. júlí klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurbjörg Kristjánsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Geirmundsdóttir**
Sóltúni 15,
Keflavík,

lést laugardaginn 1. júlí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 17. júlí kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Geirmundur Sigvaldason** **Ásdís Gunnarsdóttir**
**Þorsteinn Sigvaldason** **Auður Gunnarsdóttir**
**Sigrún Sigvaldadóttir** **Kristinn Bjarnason**

---



Okkar ástkæra

**Ágústa Lárusdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. júlí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 13. júlí kl. 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarnefnd kvenfélagsins Heimaeyjar, reikn. 0537-26-508050, kt. 591191-1019.

**Héðinn Baldvinsson**
**Gunnar P. Héðinsson** **Ingibjörg Valgeirsdóttir**
**Sigríður Héðinsdóttir**
**Gísli Héðinsson**
**Auður Héðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkæri sonur okkar,

**Guðni Baldursson**
Grandavegi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 7. júlí 2017. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á HIV Ísland (áður Alnæmissamtökin), kt. 541288-1129, bankanr. 0513-26-603485.

**Baldur Aspar** **Þóra Guðnadóttir**

---



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Kristjánsdóttir**
Felli, Biskupstungum,

er lést þann 10. júlí, verður jarðsungin frá Skálholtsdómkirkju 14. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í Haukadal.

**Kjartan Jóhannsson** **Steinunn Bjarnadóttir**
**Agnar Jóhannsson** **Margrét Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Jóhannsdóttir** **Grímur Guðmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Ingibjörg Kristjánsdóttir**
Dídí
Kirkjuteigi 25,

lést föstudaginn 16. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 14. júlí klukkan 13.

**Kristín Júlíusdóttir** **Hilmar Andrésson**
**Júlíus Þór Júlíusson** **Viktoría Dagbjartsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristján Ágúst Bjarnason**
húsasmíðameistari,
Grandahvarfi 8a,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi sunnudagsins 9. júlí. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 14. júlí nk. kl. 11.00.

**Kristín Sveinbjörnsdóttir**
**Guðrún Kristín Kristjánsdóttir** **Smári Rúnar Þorvaldsson**
**Hulda Karlotta Kristjánsdóttir** **Hugo Poge**
**Steinar Karl Kristjánsson** **Unnur Guðlaug Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og frænka,

**Guðbjörg Sigríður Ólafsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júní síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Björg Eysteinsdóttir og fjölskylda**
**Ólafur Kristjánsson og fjölskylda**
**Arnbjörn Ólafsson og fjölskylda**
**Ásdís Ólafsdóttir og fjölskylda**

---



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**Katrínar Eiríksdóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Grund dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Kristín Sveinsdóttir** **Pétur Árni Carlsson**
**Elín Árdís Sveinsdóttir**
**Sólveig Katrín Sveinsdóttir** **Már Grétar Pálsson**
**Sigurbjörg Erla Eiríksdóttir** **Pjetur Már Helgason**
**ömmu- og langömmubörn.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Sunnan og suðaustan 5-13 og rigning í dag, hvassast á norðanverðu Snæfellsnesi. Þurrt á NA- og A-landi en rigning með köflum þar í kvöld. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á NA-verðu landinu.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 6° | 11° |
| ↗6 | ↓5 | →4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 15° | 7° |
| →2 | ↘6 | →4 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 14° |
| ↖13 | ←7 | ←2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 9° | 7° |
| ↖6 | ←8 | ↑13 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. grasþökur
6. spil
8. sönghús
9. berja
11. sjó
12. stúlka
14. sjúkdómur
16. líka
17. tillaga
18. við
20. tveir eins
21. karl

**LÓÐRÉTT**
1. slitna
3. kúgun
4. matjurt
5. frjó
7. verkfæri
10. fiskur
13. krot
15. tigna
16. mælieining
19. utan



**LÁRÉTT:** 2. torf, 6. ás, 8. kór, 9. slá, 11. sæ, 12. telpa, 14. gláka, 16. og, 17. ráð, 18. hjá, 20. ll, 21. mann.
**LÓÐRÉTT:** 1. mást, 3. ok, 4. rósakál, 5. fræ, 7. sleggja, 10. áll, 13. pár, 15. aðla, 16. ohm, 19. án.

## Skák Gunnar Björnsson

Anton átti leik gegn Michel í Austur-Þýskalandi árið 1975.
**Svartur á leik**
**1.... Hxa2+! 2. Kxa2 Da6+**
**3. Kb1 Ra3+ 4. Kb2 Hc2+**
**5. Kb1 Rc4+ 0-1**

**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 9 - 10 |
| ALL EYEZ ON ME VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 8 - 11 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 2:50 - 3:20 - 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 8 - 10:50 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:35 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:30 |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10:35 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 7:45 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5 |
| BAYWATCH | KL. 10:20 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 8 - 10:50 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| TRANSFORMERS 3D | KL. 5 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10:30 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10:10 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| PIRATES 2D | KL. 4:50 - 7:30 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| PLANET OF THE APES 3D | KL. 7:30 - 10:20 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 7:40 - 10:20 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**12. JÚLÍ 2017**

## Uppákomur

**Hvað?** Ganga í Laugardalnum
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Sóltún Heima, Sóltúni 2
Gönguhópur Sóltúns fer í göngu í Laugardalinn með kaffistoppi á Café Flóru í Grasagarðinum. Hópurinn hittist fyrir utan hjúkrunarheimilið Sóltún. Allir velkomnir og engin skráning.
Café Flóran býður upp á tilboð fyrir Sóltún Heima, kaffi/te og eplakaka með rjóma á 1.200 krónur.

**Hvað?** Free Oddsson Morning Yoga
**Hvenær?** 07.15
**Hvar?** Oddsson, Hringbraut 121
Morgunjóga fyrir sannkallaða morgunhana sem vilja byrja daginn á heilsusamlegum nótum.

## Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkórinn Schola cantorum heldur vikulega miðvikudagstónleika á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju og flytur fagrar, íslenskar kórperlur. Íslenskum og erlendum gestum er síðan boðið upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Matt Evans með tónleika
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónleikar með Matt Evans, tónskáldi og slagverksleikara frá Brooklyn. Hans fyrstu tónleikar í Mengi. Húsið er opnað kl. 20.30 og miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Snorri Helgason – Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Tónlist Snorra Helgasonar er hjartnæm og leitar inn á við, en er samt algild og hlustandinn á einfalt með að tengja við persónulegu texta hans. Fyrir tónleikaröð Norræna hússins mun Snorri spila lög af verkefni sínu Margt býr í þokunni, sem er safn nýrra þjóðlaga sem hann hefur verið að semja sl. 3-4 ár. Miðasala fer fram á tix.is.

**Hvað?** Kjallaradjass // Cellar Jazz @ Stúdentakjallarinn



**Snorri Helgason verður í Norræna húsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjass á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-rytma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga í sviðsljósið og taka þátt. Píanó, harmonikka og gítar á staðnum. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Mr. Silla at Kex Hostel
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel
Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem Mr. Silla, heldur tónleika í Gym & Tonic á Kex Hosteli.

## Sýning

**Hvað?** Opnun myndlistarsýningar Sigríðar G. Jónsdóttur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Sigríður G. Jónsdóttir, listamaður mánaðarins í bókasafninu Garðatorgi 7 í samstarfi við Grósku, verður með sýningaropnun á milli klukkan 16.00 og 18.00 og eru allir velkomnir. Léttar veitingar í boði.

## Fyrirlestur

**Hvað?** Sumarkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholt
Einhver merkastir fornleifafundur Íslandssögunnar verður umfjöllunarefnið á Sumarkvöldi í Skálholti en þá kemur Sveinn Einarsson fyrrv. þjóðleikhússtjóri í Skálholt og segir frá því þegar kista Páls biskups Jónssonar fannst árið 1954 en hann hafði þá legið í gröf sinni frá árinu 1211. Dagskráin er öllum opin og ókeypis.


Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann

elja
Starfsmannaþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS




## Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Selvogsbraut Þorlákshöfn

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Um er að ræða 100% starf.

**Ábyrgðarsvið:**

- Faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Innkaup fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Gerð áætlana fyrir heimilið s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Fjármál og eftirlit með þeim
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning sameinuðu þjóðanna.

**Hæfniskröfur:**

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum æskileg.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum.

***Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.***

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar af Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sími: 483-4000, netfang maria@hveragerði.is **Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið maria@hveragerði.is. Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.**

***Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 24. júlí 2017.***

NÝTT

3.385 kr.

2.385 kr.




PANNA 28 CM

PANNA 24 CM

4.998 kr.

NÝTT




VIÐARKASSAR 3 Í PK.

2.260 kr.

1.428 kr.



BASTKARFA 26X16X6,5 CM

BASTKARFA 23X9 CM
verð áður 1.428 kr.

2.258 kr.



SÖDAHL TUSKUR 3 STK.
verð áður 2.428 kr.

NÝTT

2.330 kr.



STRANDTASKA RÖNDÓTT

NÝTT

2.428 kr.



KÆLITASKA 18L

Snertilausar greiðslur
VALITOR
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT
- Tilvalið gjafakort

KARFA METAL GRÁ STÓR

NÝTT

4.298 kr.



3.222 kr.

2.150 kr.

KARFA METAL GRÁ MILLISTÆRÐ

KARFA METAL GRÁ LÍTIL

9.250 kr.

NÝTT



LUGT METAL 24X36 CM GYLLT

NÝTT




2.125 kr.

STEIKARHNÍFAPÖR, 6 PÖR




NÝTT

1.416 kr.

KRUKKA MEÐ VIÐARLOKI 11X7 CM



1.888 kr.

3.114 kr.

KRUKKA MEÐ VIÐARLOKI 13X8 CM

KRUKKA MEÐ VIÐARLOKI 16X7,9 CM

NÝTT

3.598 kr.



LJÓSASERÍA 20 LED LJÓS

FK

FJARÐARKAUP




**KL. 19:05 alla virka daga**
Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um allt milli himins og jarðar á léttu nótunum. Í þætti kvöldsins verður Bryggjuhátíðin á Stokkseyri sótt heim en hún var haldin um síðustu helgi. Umsjónarmaður kvöldsins er Magnús Hlynur Hreiðarsson.

**MAGNAÐ**
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.






**THE BOLD TYPE**
Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet og allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna sem og að finna ástina sjálfum sér til handa. Stórskemmtilegir og hressilegir nýir gamanþættir.




**THE NIGHT SHIFT**
Fjórða sería þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.

**QUEEN SUGAR**
Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.




**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.15** Um land allt
**11.45** Léttir sprettir
**12.05** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Kjarnakonur
**14.05** The Night Shift
**14.50** Major Crimes
**15.35** Schitt's Creek Önnur syrpa þessara geggjuðu gamanþátta um fjölskyldu sem hefur lifað í vellystingum. Pabbinn rak myndbandaleigu, móðirin var leikkona í vinsælli sápuóperu og börnin þeirra David og Alexis þurftu ekkert að hafa fyrir hlutunum... þar til núna.
**16.00** Divorce
**16.30** Hollywood Hillbillies
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** The Bold Type Nýir og ferskir þættir sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joanna Coles.
**21.05** The Night Shift
**21.50** Queen Sugar
**22.35** Orange Is the New Black
**23.35** NCIS
**00.20** Fearless
**01.10** Animal Kingdom
**02.00** Training Day
**02.45** Brestir
**03.15** Nashville
**03.55** Nashville
**04.40** NCIS: New Orleans
**05.20** Covert Affairs Fimmta þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
**06.05** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Inkasso deildin - Þróttur-Fram
**09.40** Premier League - Liverpool-Middlesbrough
**11.25** Season Highlights
**12.20** Inkasso deildin - Þróttur-Fram
**14.00** Premier League World 2016/2017
**14.30** Pepsi-mörkin 2017
**16.00** UEFA Champions League - Juventus-Real Madrid
**17.45** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.35** Liverpool Pre-season Games
**20.45** Goðsagnir efstu deildar
**21.35** UFC 2017 - Sérstakir þættir
**22.00** UFC Live - Nunes vs Shevchenko
**00.30** Liverpool Pre-season Games

## STÖÐ 3

**17.40** Raising Hope
**18.05** The New Girl
**18.30** Community
**18.55** Modern Family
**19.20** Hindurvitni
**19.45** Gulli byggir
**20.15** Man Seeking Woman
**20.40** Cold Case
**21.25** Supernatural
**22.10** American Horror Story: Roanoke
**22.55** Modern Family
**23.20** Hindurvitni
**23.50** Gulli byggir
**00.20** Man Seeking Woman
**00.40** Cold Case
**01.25** Supernatural
**02.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.39** Latibær
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ljóti andarunginn og ég



Könnuðurinn Dóra kl. 10.00, 14.00 og 18.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Thornberry Creek LPGA Classic
**11.00** Thornberry Creek LPGA Classic
**14.00** Golfing World 2017
**14.50** The Greenbrier Classic
**19.50** Golfing World 2017
**20.40** PGA Highlights 2017
**02.40** Golfing World 2017

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** Lullaby
**13.20** Groundhog Day
**15.00** Baby Mama
**16.40** Lullaby
**18.40** Groundhog Day
**20.20** Baby Mama
**22.00** Ted 2 Ted hefur svo sannarlega náð að höndla hamingjuna og er hæstánægður með að vera kominn í hnapphelduna með sinni heittelskuðu Tami-Lynn. Næsta skref er að eignast barn. Fyrsta vandamálið við það er hins vegar að einhver þarf að gefa þeim sæði því það sem Ted hefur að bjóða virkar ekki sem skyldi. Og auðvitað kemur bara einn sæðisgjafi til greina, John Bennett, hver annar? En þá kemur annað vandamál í ljós. Til að egg Tami-Lynn verði frjóvguð þarf Ted að sanna að hann hafi það sem til þarf til að ala upp barn og að hann sé þrátt fyrir útlitið mannlegur innra með sér.
**23.55** The X-Files: I Want to Believe
**01.40** Blood Ties
**03.45** Ted 2

## RÚV

**17.20** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.13** Klaufabárðarnir
**18.22** Sanjay og Craig
**18.45** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Golfið
**20.05** Steinsteypuöldin
**20.35** Sætt og gott
**20.50** Bækur og staðir
**21.00** Lukka
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Perragarðurinn
**23.35** Skömm
**00.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Royal Pains
**15.25** Making History
**15.50** Pitch
**16.35** King of Queens
**17.00** Younger
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** American Housewife
**20.15** Remedy
**21.00** Imposters
**21.45** Bull
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** How to Get Away with Murder
**02.35** MacGyver
**03.20** Better Things
**03.50** Imposters
**04.35** Bull
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 25% afsláttur

### af öllum AEG vörum í nokkra daga




AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Tískan í stúkunni á Wimbledon

Wimbledon-mótið í tennis stendur þessa stundina yfir í Lundúnum og af því tilefni flykkist fólk á völlinn til að fylgjast með tennisstjörnum keppa, hvort sem það hefur áhuga á íþróttinni eða ekki. Og stjörnurnar nýta áhorfendastúkuna gjarnan sem tískupall og mæta í sínu fínasta pússi eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



**Pippa Middleton var glæsileg í fölbleikum blúndukjól frá merkinu Self-Portrait.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



**Anna Wintour lætur sig ekki vanta á Wimbledon enda er hún hrifin af tennis.**



**Söngkonan Ellie Goulding mætti í afar flottum ljósbláum kjól frá Gucci.**



**David Beckham var flottur á því í jakka frá Polo Ralph Lauren.**



**Kate Middleton klæddist doppóttum kjól frá Dolce & Gabbana.**



**Fyrirsætan Poppy Delevingne klæddist stílhreinum bleiserjakka úr kasmírull og var með tösku með hlébarðamynstri. Jakkinn er úr smiðju Ralphs Lauren.**




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**




ERGOMOTION E40+
TILBOÐSVERÐ AÐEINS 24.746 kr. Á MÁNUÐI*
á meðan birgðir endast- vaxtalaust og fyrsta greiðsla í október 2017.
STAÐGREITT 282.217 kr.
rekkjan
HEILSURÚM

# HÖRKUTÓL SEM ENDAST




RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.040.323 ÁN VSK / 7.490.000 MEÐ VSK*

*RAM 3500 SLT Crew Cab 4x4 6.7 lítra Cummins turbo dísel sjálfskiptur, verð frá kr. 6.040.323 án vsk / 7.490.000 með vsk.
RAM 3500 Crew Cab Laramie 4x4 verð frá kr. 6.766.129 án vsk / 8.390.000 með vsk.
RAM 3500 Crew Cab Limited 4x4 verð frá kr. 8.056.452 án vsk / 9.990.000 með vsk.
RAM er eini pallbíllinn sem fáanlegur er með loftpúðafjöðrun með hleðslujafnara og RamBox® læsanlegum hliðargeymsluhólfum.

RAM

---

# 7 MANNA LÚXUSJEPPI

## GERÐU VERÐSAMANBURÐ

### ÓTRÚLEGA LÍTIL EYÐSLA



DODGE DURANGO GT VERÐ FRÁ KR. 9.990.000*

*Dodge Durango GT 8 gíra sjálfskiptur með 3.6 lítra 6 cyl margverðlaunaða Pentastar vél með uppgefinni eyðslu frá framleiðanda 11,2 l /100km, 9,4 l/100km utanbæjar og 13,1 l/100km innanbæjar, 7 manna, fjarstart, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, leðursæti, 20" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing, Led dagljós og afturljós, hiti í stýri, framsætum og annarri sætaröð, stillanleg aftursæti, fjarlægðaskynjarar að framan og að aftan, minni í bílstjórasæti og hliðarspeglum, rafdrifin framsæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, raddstýrt útvarp o.fl.

DODGE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • SÍMI: 534 4433 • WWW.ISBAND.IS






„Ég hef skafið af mér helling af óþarfa kílóum, bæði af líkama og sál. Ég er hætt að vera með stanslausan kvíðaverk í maganum,“ segir Inga Kristjánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Reif sig upp úr óhollustu og þunglyndi

Bloggarinn **Inga Kristjánsdóttir** setti sér lífsstílsáskorun sem snýst um að ná betri andlegri og líkamlegri heilsu á 50 dögum. Áskorunina setti hún sér eftir að hafa farið langt niður eftir áföll og erfiðleika.

50 daga áskorunin snýst í stuttu máli um það að setja sér sér markmið með tímaramma. Í þessari áskorun einbeiti ég mér að því að hreyfa mig 5-6 daga í viku, borða næringarríkari og fjölbreyttari fæðu ásamt því vinna verulega í sjálfri mér, læra að setja fólki mörk og kunna að meta sjálfa mig,“ segir Inga Kristjánsdóttir spurð út í hvað áskorunin sem hún setti sér nýverið snýst um. „Í áskoruninni vinn ég líka í því að loka á fortíðardrauga og læra að lifa í núinu. Í þessa 50 daga er ég skuldbundin því að vera meðvituð um líkama og sál.“

Spurð út í hvernig það kom til að hún setti sér þessa áskorun segir Inga: „Árið 2015 var alveg gríðarlega erfitt ár fyrir mig. Ég missti pabba minn úr krabbameini og tókst á við alls konar þrekraunir sem ég kunni ekki á. Ég þyngdist um 15 kíló og hugurinn var í algerum hrærigraut,“ útskýrir Inga sem glímdi við kvíða, þunglyndi og martraðir á þessum tíma. Það var þá sem hún ákvað að taka sjálfa sig í gegn.

„Ég hef í raun aldrei sett mig í fyrsta sæti, enda alveg skelfilega meðvirk. Dagurinn minn snerist um að gera aðra hamingjusama og ef ég náði því þá mátti ég fagna. Einn daginn fékk ég algerlega nóg, ég fékk nóg af því að líða aldrei vel á sál og líkama. Mér finnst lífið allt of stutt til þess að vera ekki ánægður með eitthvað sem maður getur breytt. Ég get reynt að láta mér líða betur og ég get orðið ánægð með líkama minn, ég þarf bara að leggja mig fram.“

> **ÉG MISSTI PABBA MINN ÚR KRABBAMEINI OG TÓKST Á VIÐ ALLS KONAR ÞREKRAUNIR SEM ÉG KUNNI EKKI Á. ÉG ÞYNGDIST UM 15 KÍLÓ OG HUGURINN VAR Í ALGERUM HRÆRIGRAUT.**

### Erfiðast að loka köflum

Inga kveðst vera ein af þeim sem eiga erfitt með að setja sér markmið. „Ég gefst auðveldlega upp og verð óþolinmóð þegar kemur að því að sinna einhverju sem tekur langan tíma og vil að allt gerist strax. Þess vegna ákvað ég að prófa að setja mér tímaramma sem varð að þessari „50 days of better body and better life“-áskorun. Tímaramminn er ekki of langur og ekki of stuttur.

Það hefur verið langerfiðast að læra að loka á kafla í lífinu sem eiga ekki lengur við, segja bless við fortíðardrauga sem hafa ekki gert neitt annað en að draga mig niður, það var verulega þungt skref og skrítið. Ég viðurkenni að það var líka frekar erfitt að breyta matarvenjum en ég var manneskja sem leyfði mér að éta allt hvenær sem er,“ segir Inga sem er núna búin að taka gos og sælgæti út úr mataræði sínu og gerir vikuinnkaup. „Þá ákveð ég á sunnudögum hvað á að vera í matinn í komandi viku, það hefur hjálpað mér að skipuleggja mig ásamt því að spara mér hellings pening og tíma.“

Inga segir þessa 36 daga sem hún er búin með hafa verið krefjandi en vel þess virði. „Fyrst fannst mér gríðarlega erfitt að byrja að mæta á æfingar, enda fannst mér mun betra að setjast upp í sófa þegar ég var búin að vinna. En það að liggja uppi í sófa og hugsa um drauma mína veitti mér ekki vellíðan, svo ég ákvað að standa upp og framkvæma þá,“ segir Inga sem kom hreyfingunni fljótt inn í daglega rútínu. „Fljótlega fannst mér ómissandi að komast á æfingu. Andlega hliðin fylgdi í kjölfarið, mér fór að líða svo mikið betur. Hamingja mín fór að skipta mig máli og það er ein besta tilfinning sem ég hef upplifað. En það er mjög krefjandi að halda andlegu hliðinni í lagi, ég þarf að vera dugleg að minna sjálfa mig á af hverju ég er að gera þetta.“

### Laus við kvíðaverkinn

Aðspurð hver ávinningurinn sé af þessum 36 dögum fyrir hana segir Inga: „Ég hef skafið af mér helling af óþarfa kílóum, bæði af líkama og sál. Ég er hætt að vera með stanslausan kvíðaverk í maganum. Ég finn að ég er öðrum hvatning en ég hef leyft fylgjendum mínum á Snapchat að vera samferða mér í hverju skrefi í áskoruninni,“ segir Inga sem er með notandanafnið ingakristjanss. Hún hvetur aðra til að taka þátt í áskoruninni. „Ég hef skorað á þó nokkuð marga að taka þátt í áskoruninni, margir hafa tekið henni en nokkrir treystu sér ekki í svona langa skuldbindingu, sem er allt í lagi. Margir hafa líka breytt áskoruninni og sniðið hana að eigin þörfum, sem er frábært.

Ég vil svo minna á að svona verkefni eru ekki kapphlaup, heldur langhlaup. Maður er ævilangt að vinna í sjálfum sér og að læra á sjálfan sig. En því fyrr sem þú áttar þig á því að þú þarft ekki að sætta þig við ákveðna hluti, þú getur breytt þeim, því betra.“ **gudnyhronn@365.is**




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

KFC

# SVARTUR
# DORITOS
# BOXMASTER




IT'S FINGER LICKIN' GOOD

## SVARTA BELTIÐ Í BRAGÐLAUKASPARKI

**999 kr.**

Original kjúklingur, flögur úr svörtum Doritos, piparmajónes, kál, kartöflusk fa, ostur og salsa.




**1.899 kr.**

Doritos Boxmaster, franskar, 3 Hot Wings, gos og Hraun.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Bænin

Ég finn að þegar ég ætla að tala um bænina verð ég svolítið feimin. Við erum mörg sem lifum bænalífi en erum ekki mikið að deila því. Kannski vegna þess að við höfum komist að því að bænir breyta ekki Guði. – En þær breyta þeim sem biður! Það er alltaf mikilvægt að rækta sinn innri mann, en ekki síst í erfiðleikum. Í slíkum aðstæðum er hugurinn undir svo miklu álagi, hugsanir á fleygiferð og oft erfitt að hugsa skýrt. Það er líka oft þannig að undir álagi festist fólk í þráhyggjukenndum hugsunum. Margir uppgötva bæn og íhugun í þannig aðstæðum. Í bæninni getum við borið angist okkar fram fyrir æðri mátt, lýst umhyggju fyrir öðrum, sett fram einlægar óskir og ekki síður orðað þakklæti okkar. Danski guðfræðingurinn Sören Kierkegaard sagði eitt sinn: „Þegar hafið beitir öllum krafti sínum, megnar það ekki að endurspegla mynd himinsins ... En þegar það stillist og dýpkar sökkvir mynd himinsins sér niður í tóm þess. Sál mannsins er haf.“ Við bænaiðkun tölum við ekki bara heldur hlustum líka, hlustum eftir hvísli andans. Í kyrrðinni og auðmýktinni sem bænaiðkunin felur í sér skapast hlustun og nýjar víddir opnast og nýjar hugsanir koma til okkar.

Stundum er það þannig að ég upplifi bænalífið sem endalaus andvörp, ekki einu sinni í samhengi. Þá er bænin nokkurs konar verkfæri til að komast í tengsl við innri hugsanir. Þó er fyrirbænin mögnuðust af öllu. Hún eykur á kærleika og samkennd sem mildar og skapar rými fyrir nýja möguleika og fyrirgefningu í samskiptum. Hér er dæmi um bæn andvarpsins: „Vertu loftið tæra sem ég anda að mér, og höndin sem ég fæ að hvíla í þegar allt, þegar allt er byrði.“ (Vera Sæther)

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SUMARLEIÐIN
11 GB
FYRIR AÐEINS
2.590 KR.
Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS
365




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS